

ANNA HELGADÓTTIR

Hefur gert yfir fimm þúsund froskahopp

• heilsa • vetrarsport

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



BÖRN

Nudd, brjóstagjöf, jóga og ný foreldrahandbók

Sérblað um börn

FYLGR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



Eitt nafnspjald
eða 100.000
bæklinga?

www.isafold.is
Sími 595 0300



FRÉTTABLAÐIÐ

PITT

9. febrúar 2010 — 33. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

ÞRIÐJUDAGUR

Semur við bandarískt leikhús

Latibær berst við offitu barna í Bandaríkjunum.

FÓLK 30



Mínus í hljóðver

Hljómsveitin Mínus er vögnuð og ætlar að taka upp nýja plötu í mars.

FÓLK 30



Afneitun

„Nú er ljóst að útrásin var reist á sandi og það vissu íslenskir ráðamenn áður en „hrunið“ var,” skrifar Sverrir Jakobsson.

Í DAG 16


Grindavík í bikarúrslitin

Grindvíkingar mæta Snæfellingum í Höllinni eftir sigur á ÍR í gær.

ÍÞRÓTTIR 27




VEÐRIÐ Í DAG



Hæglætis veður Í dag verður yfirleitt hæg suðaustlæg eða breytileg átt. Viða bjart en skýjað og lítills háttar væta suðvestan og vestan til. Hiti 0-6 stig en frost 0-6 stig norðan- og austanlands.

VEÐUR 4

73,8%



23,7%



MORGUNBLAÐIÐ FRÉTTABLAÐIÐ

Fréttablaðið er með 212% meiri lestur en Morgunblaðið.

Allt sem þú þarft...



Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18 – 49 ára. Könnun Capacent í nóvember 2009 – janúar 2010.

Flokkarnir hafa fengið 130 milljónir í styrki frá borginni

Reykjavíkurborg deildi um 33 milljóna króna styrk milli stjórnmálaflokkanna undanfarin þrjú ár en lækk- aði fjárhæðina í 29,5 milljónir á þessu ári. Samtals hafa flokkarnir fengið um 130 milljónir frá árinu 2007.

SVEITARSTJÓRNARMÁL Styrkir Reykjavíkurborgar til stjórnmálaflokkanna, sem eiga kjörna fulltrúa í borgarstjórn Reykjavíkur, nema samtals 129,5 milljónum króna á árunum 2007-2010.

Styrkirnir jafngilda því að flokkarnir hafi á kjörtímabilinu fengið greiddar 2.000 krónur fyrir hvert atkvæði sem þeir hlutu í sveitarstjórnarkosningunum árið 2006.

Þessir styrkir eru veittir á grundvelli laga frá 2006 um fjármál stjórnmálasamtaka. Samkvæmt 5. grein þeirra er sveitarstjórnnum með fleiri en 500 íbúa skylt að styrkja stjórnmálasamtök, sem hafa fengið að minnsta kosti einn mann kjörinn í sveitarstjórnina eða hlotið 5 prósent atkvæða eða meira í síðustu sveitarstjórnarkosningum.

Hverri sveitarstjórn er í sjálfs-

FRAMLÖG REYKJAVÍKURBORGAR

Styrkir Reykjavíkurborgar til stjórnmálaflokka 2007-2010

Tölur í milljónum króna

Flokkur	2007	2008	2009	2010	Samtals
Framsóknarflokkurinn	2,0	2,1	2,1	1,8	8,0
Frjálslyndir og óháðir	3,3	3,4	3,4	3,0	13,1
Samfylkingin	8,9	9,2	9,2	8,1	35,4
Sjálfstæðisflokkurinn	14,0	14,4	14,4	12,6	55,5
Vinstri græn	4,4	4,5	4,5	4,0	17,4
Samtals	32,75	33,6	33,6	29,5	129,55

Samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu borgarstjórnar

vald sett hve háar fjárhæðir eru veittar í þessa styrki. Hins vegar er skylt að deila heildarfjárhæðinni niður á flokkana í hlutfalli við atkvæðamagn þeirra.

Samkvæmt svari við fyrirspurn, sem Fréttablaðinu hefur borist frá skrifstofu borgarstjóra, hafa 33,6 milljónir króna verið settar

í styrki til flokka borgarfulltrúanna hvorttveggja árið 2008 og 2009. Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar 2010 var hins vegar ákveðið að lækka styrkina um 12 prósent og greiða 29,5 milljónir króna til flokkanna í ár. Árið 2007 var fjárhæðin 32,7 milljónir. Það ár tóku gildi lög um fjármál stjórnmála-

flokka og jukust framlögin verulega í framhaldi af því en voru á bilinu 11,5-13,9 milljónir á ári frá 2003-2006.

Í samræmi við kjörfylgi hefur Sjálfstæðisflokkurinn fengið hæstu styrkina, 42,87 prósent af heildarfjárhæðinni, samtals 55,5 milljónir króna á tímabilinu 2008-2010. Hluttur Samfylkingarinnar er 27,35 prósent, sem jafngildir 35,4 milljónum, í hlut VG koma 13,47 prósent, eða 17,4 milljónir, F-listinn 10,06 prósent, eða 13 milljónir, en Framsóknarflokkurinn 6,25 prósent eða alls 8 milljónir króna.

Í Fréttablaðinu á laugardag kom fram að stærstu sveitarfélögin í nágrenni Reykjavíkur styrktu flokkana um samtals rúmlega 9,2 milljónir króna á árinu 2008. Það ár styrkti Akureyrarbær flokkana um 3 milljónir króna.

- pg



VOR Í LOFTI Margir Reykvíkingar stóðu sig að því að líta á dagatalið í gær, svo milt var veðrið. Þær Kolbrún Siv og Thelma Lind, nemar í Fjölbrotaskólanum í Breiðholti, létu tækifærið ekki renna sér úr greipum og fengu sér snæðing undir suðurvegg skólans í hádeginu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Bæjarfulltrúi á Hornafirði langþreyttur á annars hugar kollegunum á fundum:

Hætti öllu netvafri og farsímablaðri

SVEITARSTJÓRNARMÁL „Þegar verið er að ræða mál-efni sem snúa að því að stjórna sveitarfélagi þá held ég að mönnum veiti ekkert af því að hafa hugann við það,“ segir Halldóra B. Jónsdóttir, bæjarfulltrúi á Hornafirði, sem vill láta banna notkun fartölva og gema á bæjarstjórnarfundum.

Halldóra er bæjarfulltrúi fyrir Sjálfstæðisflokk sem nú er í minnihluta en hún hefur bæði verið formaður bæjarráðs og forseti bæjarstjórnar á þeim tæpu sextán árum sem hún hefur verið bæjarfulltrúi. Á síðasta bæjarráðsfundi lagði hún til að tekið yrði á notkun fartölva og farsíma í samþykktum bæjarins sem nú eru til endurskoðunar.

„Mér hefur fundist þetta ekki vera alveg eins og það ætti að vera. Menn eru dálítið mikið að tékka á símanum sínum og jafnvel að skreppa á Netið á meðan fundir eru í gangi,“ segir Halldóra, sem kveðst hafa tekið þetta sama mál fyrir fyrir all-nokkru en það sé ekki fyrr en nú sem hún leggi til farsíma- og tölvubann á fundum.

„Menn urðu mjög hissa þegar ég setti þetta fram í bæjarráðinu en ég er af gamla skólanum og vil bara hafa fundina frekar stutta og að menn einbeiti sér að því að ræða málin hnitmiðað og geti farið fyrr heim,“ segir Halldóra.

- gar

Undankeppni Eurovision:

Ísland keppir fyrra kvöldið

EUROVISION Línur eru teknar að skýrast með undankeppni Eurovision-söngvakeppninnar í Ósló. Hera Björk og félagar hennar flytja lagið Je ne sais quoi á fyrra undanúrslitakvöldinu, sem verður þriðjudaginn 25. maí.

Undanúrslitakvöldin eru tvö og hefur verið dregið um það hvaða lönd keppa á hvoru kvöldinu. Auk þess hefur verið dregið um það hvort lönd koma fram fyrri eða seinni hluta kvöldsins, og Ísland verður á sviðinu í Ósló seinni hluta kvöldsins.

- gb / sjá síðu 38



HERA BJÖRK



SPURNING DAGSINS



Líf, verður borgin þá lífvænleg?

„Ja, vonandi gengur hún í endurnýjun lífdaga.“

Líf Magneudóttir hreppti þriðja sætið í forvali Vinstri grænna í Reykjavík um helgina.



AÐ MESTU TÓM BYGGING Stórhýsið í Dúbaí er ekki opið ferðamönnum.

NORDICPHOTOS/AFP

Vandræðagangur í Dúbaí:

Hæsta bygging heims lokuð

DÚBAÍ, AP Ferðamenn í Dúbaí hafa orðið fyrir vonbrigðum þegar þeir hyggjast heimsækja hæstu byggingu heims, sem opnuð var með pomp og pragt fyrir rúmum mánuði.

Útsýnispallurinn hefur verið lokaður síðan á sunnudag og sömu sögu er að segja um lyfturnar sem flytja fólk þangað upp.

Skýringin er sögð vera sú að rafmagnsbúnaði sé ábótavant, en skortur á upplýsingum hefur vakið vangaveltur um hvort fleiri vistarverur stórhýsisins, sem enn stendur að mestu tóm, kunni að vera lokaðar.

- gb

JAPAN

Lík í lendingarbúnaði

Lík fannst í lendingarbúnaði bandarískrar farþegaþotu eftir að hún lenti í Tókíó í Japan. Vélin kom frá New York, en ekki hafði tekist að bera kennsl á líkið í gær.

2FRÉTTABLAÐIÐ9. febrúar 2010PRÍÐJUDAGUR

Hópur sjálfstæðismanna stofnar samtökin Sjálfstæðir Evrópumenn:

Stofna samtök Evrópusinna



BENEDIKT JÓHANNESSON



ÞORSTEINN PÁLSSON



RAGNHEIÐUR RÍKHARÐSDÓTTIR



JÓNAS HARALZ

að vekja upp jákvæða Evrópu-umræðu innan Sjálfstæðisflokksins.

Benedikt telur ekki tímabært að upplýsa hvort fleiri sitjandi þingmenn Sjálfstæðisflokksins

en Ragnheiður standi að baki samtökunum eða hvort varaformaðurinn, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, sé þar á meðal. „Hún veit hins vegar af þessu“, segir Benedikt.

- shá

Læknirinn Conrad Murray:

Ákærður vegna dauða Jacksons

BANDARÍKIN, AP Læknirinn Conrad Murray var í gær ákærður fyrir manndráp af gáleysi vegna andláts poppstjórnnnar Michaels Jackson.

Hann er sagður hafa sýnt gáleysi þegar hann gaf söngvaranum svæfingarlyf í æð að kvöldi 24. júní til þess að tryggja honum nætursvefn, eins og hann hafði reyndar gert oft áður. Morguninn eftir tókst Murray ekki að vekja Jackson.

Lögmenn Murrays segja hann lýsa yfir sakleysi sínu og þeir ætli að halda uppi harðri málsvörn fyrir hann.

- gb

Telur litið framhjá kosningasvindli

Stuðningsmenn Sóleyjar Tómasdóttur beittu aðferðum í forvali VG sem öðrum frambjóðanda var sagt að væru óleyfilegar. Formaður kjörstjórnar biðst afsökunar á því. Þorleifur Gunnlaugsson segir þetta vera kosningasvindl.

STJÓRNMÁL Stuðningsmenn frambjóðenda í forvali VG fyrir borgarstjórnarkosningarnar, meðal annars Sóleyjar Tómasdóttur, buðust „ítrekað og sístematískt“ til að koma með kjörseðla heim til kjósenda og skila þeim svo fyrir þá í forvali VG, sem lauk á laugardag. Formaður kjörstjórnar sagði hins vegar við son Þorleifs Gunnlaugssonar, nokkru fyrir kosningarnar, að slíkt væri óleyfilegt.

Svo segir Þorleifur Gunnlaugsson borgarfulltrúi, sem kærði þessa aðferð til kjörstjórnar VG í Reykjavík á kjördag og ítrekaði síðast í gær. Þorleifur vill að utan- kjörfundaratkvæði verði dæmd ógild og upplýst um hver raunverulegur atkvæðafjöldi var.

Þorleifur bendir á að það hefði getað haft áhrif á kosninguna ef hann hefði beitt sömu meðulum, en einn stuðningsmaður frambjóðanda í forvalinu hafi boðist til að fylla út seðil fyrir mann í Svíþjóð, og koma til skila.

Kjörstjórn svaraði Þorleifi í gær og segir að ekkert bendi til þess að reglur póstatkvæðagreiðslu hafi verið brotnar. Hún hafnar kröfum hans. Formaður kjörstjórnar, Stefán Pálsson, segir að það sé vissulega óleyfilegt að fylla út atkvæði fyrir aðra, en engin dæmi séu um að slíkt hafi verið gert. Hann við- urkennir að hafa sagt í hugsun- arleysi að óleyfilegt væri að fara

heim til kjósenda og skila atkvæðaseðlinum fyrir þá.

„Ég verð þá að biðjast innlegrar afsökunar á því ef ég hef valdið einhverjum misskilningi,“ segir Stefán. Þetta hafi verið netspjall að nóttu til og hann hafi ekki talið sig vera að svara formlegu erindi sem formaður kjörstjórnar: „Þetta er ekki brot. Reglurnar eru mjög opnar, það er vandinn.“

Í kæru Þorleifs býðst hann til að nafngreina brotlegan stuðnings- mann Sóleyjar. Einnig talar hann um kennara við Háskóla Íslands, sem hafi farið heim til nemanda með atkvæðaseðil. Blaðið hefur fengið staðfest að umræddur kennari er Silja Bára Ómars- dóttir, en hún vildi ekki tjá sig um málið í gær, eða um hvort þetta samrým- ist reglum Háskólans.

Spurður hvort kjör- stjórnin hafi rannsakað meint brot, segir Stefán að farið hafi verið yfir öll utan- kjörfund- arblöð og undir- skriftir.

En útilokað sé að leita af sér allan grun. Ekki hafi verið haft sam- band við meintan brotlegan stuð- ningsmann, en Stefán hafi upplýs- ingar um að viðkomandi gangist ekki við brotinu.

Þorleifur Gunnlaugsson segir það skaðlegt fyrir flokkinn, ef litið er framhjá kosningasvindli. Málið snúist um heiðarleika í stjórnmál- um. Hann íhugar nú næstu skref sín í málinu.

klemens@frettabladid.is



FRAMBJÓÐENDUR OG FORMAÐUR KJÖRSTJÓRNAR
Hart var barist í forvali VG í Reykjavík á laugardaginn. Sóley Tómasdóttir náði fyrsta sætinu af Þorleifi Gunnlaugssyni. Það munaði um 40 atkvæðum. Stefán Pálsson er formaður kjörstjórnar.



ÁRNI PÁLL ÁRNASON Hyggst beita sér gegn smálánastarfsemi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Árni Páll Arnason: Smálán siðlaus okurstarfsemi

FIJARMÁL Árni Páll Arnason félags- málaráðherra hyggst beita sér fyrir lagasetningu sem kemur böndum á starfsemi fyrirtækja sem veita smálán. Hann segir lán- veitingar til ungmenna með mörg þúsund prósentu vöxtum siðlausa sjóræningjastarfsemi. Frá þessu var sagt í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gær.

Árni Páll segir að því miður séu smálánin á okurvöxtum, sem fyrirtæki eins og Kredia hafa verið að veita, lögleg atvinnustarf- semi en það sé hins vegar mikil- vægur þrófsteinn fyrir samfélag Íslendinga að taka fast á henni og koma böndum yfir hana. Ráðherr- ann hyggst beita sér fyrir laga- setningu í þá veru.

- þþ

HOLLAND

Stríðsglæpaákæru vísað frá

Alþjóðlegi sakadómstóllinn í Haag visuðu á bug ákærum á hendur Bahar Idriss Abu Garda, uppreisnarmanni í Darfúrhéraði í Súdan, sem hafði verið sakaður um að hafa skipulagt og tekið þátt í árás sem varð tólf alþjóðlegum friðargæsluliðum að bana árið 2007.

KANADA

Herforingi ákærður

Kanadiski ofurstinn Russell Williams, sem er yfirmaður flotaherstöðvarinnar í Trenton í Ontario, var handtekinn á sunnudag og hefur verið ákærður fyrir að myrða tvær konur og nauðga tveimur öðrum.



IMOGAZE®
gegn uppþembu og lofti í maga

Fæst án lyfseðils í næsta apóteki

IMOGAZE® inniheldur simeticon sem hefur áhrif á yfirborðspennu loftbólanna í meltingarveginum. Þetta veldur því að þær renna saman og auðveldar þannig loftinu að hreyfast í gegnum þarmana.

IMOGAZE® (simeticon 240 mg) fæst án lyfseðils og er notað til meðferðar við einkennum uppþembu (vindgangs) hjá fullorðnum. Imogaze er ætlað til inntöku og skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Skammtar eru eitt hylki með glasi af vatni í lok hverrar meginmáljéðrar (um það bil 3 sinnum á dag). Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 15 ára og skal meðferð ekki vara lengur en 10 daga. Ef einkennum eru viðvarandi eða fara versnandi, eða ef um langvarandi hægðatregðu er að ræða, skal leita til læknis. Þeir sem hafa ofnæmi fyrir einhverjum af innihaldsefnum lyfsins eiga ekki að nota lyfið. Hugsanlegar aukaverkanir: Ögleði, hægðatregða og ofnæmisviðbrögð. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: McNeil Sweden AB. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, 10 Garðabæ.

Bæjarstjóri Akureyrar segir bæinn ekki geta hindrað að SÁÁ loki göngudeild: SÁÁ er of stór biti fyrir okkur

HEILBRIGÐISMÁL „Auðvitað eru það vonbrigði að þeir skuli ekki finna aðrar leiðir til að fást við sinn niðurskurð,“ segir Hermann Jón Tómasson, bæjarstjóri á Akureyri, um þá ákvörðun SÁÁ að loka göngudeild samtakanna á Akureyri í vor.

Hermann segir að SÁÁ sé vissulega að skera niður á fleiri stöðum en lokun göngudeildarinnar bitni harkalega á fólki á Akureyri. „Fyrst og fremst er þetta vont út af þeim íbúum sem hafa fengið þessa þjónustu að hún skuli ekki vera í boði lengur. Eg vona að menn leiti allra leiða til að koma í veg fyrir að þetta þyrfti að verða,“ segir bæjarstjórnin.

Að sögn Hermanns hefur Akureyrarbær styrkt starfsemi SÁÁ meðal annars með fjárframlögum. Nú eigi að spara fimmtán milljónir króna með lokun göngudeildarinnar. „Við munum að sjálf- sögðu ræða við SÁÁ en það er samt alveg ljóst að við getum ekki annast þetta verkefni fyrir þá. Þetta er miklu stærri biti en svo að við getum nokkurn tíma tekið við þessu,“ segir Hermann.

Bæjarstjórnin sér fyrir aukíð álag á félagsþjón-ustu bæjarins eftir lokunina hjá SÁÁ. „Þeir sem



HERMANN JÓN TÓMASSON Bæjarstjórnin á Akureyri sér fyrir sér aukna aðsókn að félagsþjónustu bæjarins eftir lokun göngudeildar SÁÁ.

MYND/KK

fá aðstoð í gegnum viðtöl hjá SÁÁ munu væntan- lega leita eftir sambærilegum stuðningi hjá félagsþjónustunni,“ bendir hann á.

- gar

Góð *ávöxtun* viðbótarlífeyris- sparnaðar 2009




Hafðu samband
sími 444 7000 • arionbanki.is

Fjárfestingarleiðir séreignarsjóðanna Lífeyrisauka og Vista skiluðu góðri ávöxtun árið 2009.

Leitaðu til okkar þegar kemur að lífeyrissparnaði.


Lífeyrisauki

Nafnávöxtun 2009



Vista


Nafnávöxtun 2009




Sjóðirnir henta þeim sem vilja leggja fyrir í viðbótarlífeyrissparnað og nýta sér þannig mótframlag launagreiðanda.

Sjóðfélagar í **Vista** og **Lífeyrisauka** eru samtals um 70.000 og stærð sjóðanna er ríflega 40 milljarðar kr.

5 ára meðalnafnávöxtun



5 ára meðalnafnávöxtun



Ávöxtun í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um ávöxtun í framtíð. Myndin sýnir 5 ára meðalnafnávöxtun árunna 2005–2009 en ávöxtunin er mismunandi á milli ára. Frekari upplýsingar um ávöxtun hvers árs má nálgast á arionbanki.is/lifeyrir.

Hafðu samband við lífeyrisþjónustu Arion banka Borgartúni 19, í síma 444 7000, sendu tölvupóst á lifeyristhjonusta@arionbanki.is eða komdu við í næsta útibúi Arion banka.

GENGIÐ 08.02.2010			
GJALDMÍÐLAR		KAUP SALA	
	Bandaríkjadalur	128,41	129,03
	Sterlingspund	199,93	200,91
	Evra	175,78	176,76
	Dönsk króna	23,610	23,748
	Norsk króna	21,494	21,620
	Sænsk króna	17,287	17,389
	Japanskt jen	1,4349	1,4433
SDR		197,61	198,79
GENGISVÍSITALA KRÓUNUNNAR			
		231,354	
HEIMILD: Seðlabanki Íslands			

Útlendingastofnun: Tíu sóttu um forstjórástólinn

STJÓRNSÝSLA Tíu sóttu um að gegna embætti forstjóra Útlendingastofnunar frá og með 1. apríl næstkomandi. Á meðal umsækj-



enda er Jónína Bjartmarz, fyrrverandi umhverfisráðherra og þingmaður Framsóknarflokksins. Umsóknar-frestur rann út á fimmtu-daginn síðasta en embættið var auglýst laust til umsóknar 15. janúar. Ragna Árnadóttir, dómsmála- og mann-réttindaráðherra, skipar í embættið til fimm ára í senn. Umsækjendur eru auk Jónínu: Einar Örn Thorlacius, Gísli Rúnar Gíslason, Halldór Frimannsson, Halldór Eiríkur S. Jónhildarson, Kristín Völundardóttir, Kristján Baldursson, Oddur Gunnarsson, Margrét Steinarsdóttir og Ragnheiður Ólöf Böðvarsdóttir. - shá

Loðnuveiðin fyrir austan: Norskir hafa lokið veiðum

SIÁVARÚTVEGUR Norsku loðnuskipin luku veiðum á sunnudag og tilkynntu þau 27.745 tonna afla, sem er fáum tonnum innan við útgef-inn kvóta. Norsku skipin komu á miðin 2. febrúar en af 79 skipum sem höfðu veiðileyfi kom 31 skip til veiða. Alls var 25 skipum leyft að veiða í einu og voru því sex skip á biðlista þar til önnur skip voru búin að veiða og farin til löndunar. Erill hefur verið hjá Landhelgis-gæslunni vegna norsku skipanna. - shá

Borgarfulltrúi Samfylkingarinnar telur stefna í óefni í leikskólamálum í borginni:

Biðlistar lengjast að óbreyttu

MENNTUN Oddný Sturludóttir, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar og fulltrúi í leikskólaráði, telur víst að biðlistar eftir leikskólavist hjá Reykjavíkurborg muni lengjast mikið á næstu mánuðum vegna þeirrar ákvörðunar að breyta innritunarreglum við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2010. Breyttar reglur gera ekki ráð fyrir að ný börn séu tekin inn í leikskólana fyrr en í haust, að hennar sögn. Því megi ljóst vera að bið barnafólks eftir leikskóla-plássi lengist. „Það er alveg á hreinu að þessi 130 börn sem nú bíða verða orðin fleiri hundruð þegar kemur

fram á sumarið,“ segir Oddný. Hún bendir á að árið 2010 verði í Reykjavík 1.791 barn eins árs og 1.658 nái þá tveggja ára aldri. Oddný lagði fram fyrirspurn á fundi leikskólaráðs á miðvikudag og spurði hvort meirihlutinn hygðist endurskoða þá ákvörðun að seinka innritun leikskólabarna fram yfir sumarleyfi starfsfólks í hagræðingarskyni. Í fyrirspurninni segir að gjörbreytt staða sé að koma upp sem sjáist á að dagforeldrar anni vart eftirspurn öfugt við það sem var síðla síðasta árs þegar meirihluta dagforeldra vantaði börn í vistun.



ODDNÝ STURLUDÓTTIR Telur að breyttar innritunarreglur í leikskóla muni lengja biðlista og koma foreldrum og fyrirtækjum illa.

- shá

Rætt um að byrja að borga fyrr af Icesave

Háar fjárhæðir gætu sparast við að hefja endurgreiðslu Icesave-lána fyrr en árið 2016. Í athugun er að koma eigum bús Landsbankans í verð með skjótari hætti en rætt hefur verið um. Erlendir sérfræðingar fengnir til ráðgjafar.

STJÓRNMÁL Afborganir af Icesave-skuldum Íslands gagnvart Bretum og Hollendingum gætu hafist fyrr en samist hefur um. Í fyrirbyggjandi samningum er gert ráð fyrir að endurgreiðslur hefjist árið 2016 en vextir greiðist frá síðasta ári. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins miðar vinnan hérlandis – við að ná nýjum og hagfelldari Icesave-samningum – einkum að því að lækka kostnað Íslands. Í ljósi þess að Bretar og Hollendingar hafa í óformlegum viðræðum haldið fast í kröfu sína um að fá höfuðstól skuldarinnar greiddan er nú horft til þess hvernig lækka megi vaxtakostnaðinn. Kemur þar tvennt til. Annars vegar að ná hagstæðari vaxtakjörum en samist hefur um og hins vegar að hefja afborganir fyrr en ráð var fyrir gert. Við það myndi höfuðstóll skuldarinnar minnka hraðar og með því sparast háar fjárhæðir. Meðferð eigna bús Landsbanka Íslands hf. er lykilatriði í þeim efnum. Er nú rætt og skoðað hversu hratt er hægt að losa um þær án þess þó að rýra virði þeirra. Ljóst er að nokkur misseri munu líða áður en hægt verður að koma eignum í verð enda talið nauðsynlegt að ekki ríki réttaróvissa um búið og meðferð þess. Lunginn af eignum bús Landsbankans eru lán til erlendra aðila. Eru þau metin traust eign enda



ICESAVE Á fundi stjórnar og stjórnarandstöðu í gær var ákveðið að leita til Lee Buchheit, bandaríks sérfræðings á sviði þjóðarskuldna. Líklega verður leitað til fleiri útlendinga til ráðgjafar.

NORDICPHOTOS/GETTY

í skilum. Að auki á búið hluti í fyrirtækjum – erlendum og innlendum. Í gær var ákveðið á fundi stjórnvalda og stjórnarandstöðu að leita aðstoðar og ráða Lee Buchheit sem er bandarískur sérfræðingur á sviði þjóðarskuldna. Buchheit kom fyrir fjárlaganefnd Alþingis vegna Icesave-málsins í ágúst og reifaði þar þá skoðun sína að

ekkert bæri að aðhafast gagnvart Bretum og Hollendingum fyrr en virði eigna Landsbankans lægi fyrir. Stjórnvöld sögðu þá að sú leið hefði þegar verið reynd í samningaviðræðum en án árangurs. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins er líklegt að fleiri útlendingar verði fengnir til ráðgjafar. bjorn@frettabladid.is

Siglingar í Landeyjahöfn:

Hægt að bóka innan skamms

SAMGÖNGUR Vegagerðin og Vestmannaeyjabær ræða þessa dagana um gjaldskrá og ferðaáætlun Herjólfss í Landeyjahöfn. Áætlað er að ferðir hefjist 1. júlí en vonir standa til að bókanir hefjist um miðjan febrúar. Mikið hefur borið á milli hugmynda Vegagerðarinnar og Eyjarmanna. Eyjafrettit.is segja hins vegar frá því að Elliði Vignisson bæjarstjóri sé vongóður um ásættanlega niðurstöðu fyrir Eyjarmenn. Elliði vonast til að um miðjan febrúar verði hægt að byrja að bóka í Herjólf bæði á þjóðhátíð, goslokahtátíðina og almennt í ferðir í sumar. - shá



Á UPPLIÐ Geimferjan Endeavor yfirgaf jörðina í fyrinótt. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Geimferjan Endeavor: Þaut út í geiminn enn á ný

BANDARÍKIN, AP Bandarísku geimferjunni Endeavor var skotið út í geiminn frá Canaveral-höfða í Flórída í fyrinótt. Ferðinni er heitið til alþjóðlegu geimstöðvarinnar, þar sem George Zamka og áhöfn hans munu koma fyrir nýjum búnaði. Innan fárra vikna snýr ferjan svo aftur til jarðar. Geimferjur Bandaríkjanna eru annars að syngja sitt síðasta. Líklega verða aðeins farnar fjórar ferðir í viðbót á þessu ári, en síðan verður hætt að nota þær. Upphaflega átti að skjóta ferjunni upp á sunnudag, en geimskoti var þá frestað vegna þess hve lágskýjað var. - gb

BANDARÍKIN

John Murtha látinn Bandaríski fulltrúadeildarþingmaðurinn John Murtha, einn áhrifaríkasti demokrati þingsins, lést í gær 77 ára að aldri. Hann er meðal annars þekktur fyrir kjördæmapot og harða gagnrýni sína á Iraksstríðið. Banameinið tengist gallblöðruaðgerð í síðasta mánuði, sem fór úrskeiðis.


VIÐ MÆLUM HEYRNINA ÞÍNA ÓKEYPIS!



HEYRNARSTÖÐIN

Læknastöðin, Kringlunni • Tímarpantanir 568 7777 • heyrnarstodin.is

VEÐURSPÁ



HEIMURINN

Alicante	16°
Basel	7°
Berlín	-5°
Billund	-1°
Eindhoven	1°
Frankfurt	-2°
Friedrichshafen	3°
Gautaborg	-2°
Kaupmannahöfn	-2°
Las Palmas	20°
London	4°
Mallorca	14°
New York	3°
Orlando	22°
Ósló	-6°
París	2°
San Francisco	12°
Stokkhólmur	-2°


Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.



FLUGFÉLAG ÍSLANDS

→ flugfelag.is

Fljúgðu fyrir klink!



Þú getur flogið fyrir aðeins 2.990 krónur, með sköttum, aðra leiðina milli Reykjavíkur, Akureyrar, Egilsstaða, Ísafjarðar og Vestmannaeyja frá **1. til 14. mars**, ef þú **bókar á netinu í dag** á flugfelag.is

500 sæti eru í boði svo nú er um að gera að drífa sig á netið og notfæra sér klinktilboðið.

KLINK
T I L B O ð

2.990 kr.

frá 1. til 14. mars
500 sæti í boði

Aðeins bókanlegt
í dag frá kl. 10:00

KJÖRKASSINN



Á að leyfa rekstur spilavíta á Íslandi?

Já	31,2%
Nei	68,8%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Hefur þú tekið bankalán eftir hrun?

Segðu skoðun þína á [visir.is](#)

visir

Fimmtíu ný störf skapast við stækkun lyfjaverksmiðju Actavis:


Actavis stækkar í Hafnarfirði

ATVINNUMÁL Lyfjafyrirtækið Actavis hefur ákveðið að stækka verksmiðju sína í Hafnarfirði. Með því verða til yfir 50 ný störf og unnt verður að framleiða fimmtíu prósentum meira í verksmiðjunni en áður, að því er segir í tilkynningu.

Framkvæmdir hefjast fljótlega og er áætlað að framleiðsla í nýja hlutanum fari af stað um næstu áramót.

Nú er framleiddur um milljarður taflna í verksmiðjunni í Hafnarfirði, en eftir stækkun verður mögulegt að framleiða þar um einn og hálfan milljarð.

Gert er ráð fyrir 50 nýjum



LYFJAFRAMLEIÐSLA Actavis starfrækir átján lyfjaverksmiðjur í þrettán löndum.

störfum í verksmiðjunni eftir stækkun í árslok. Um þrír fjórðu hlutar þeirra starfa verða í fram-

leiðslu en einnig verða ýmis önnur tengd störf í boði. Þar að auki er þegar verið að fjölga starfsfólki til að anna eftirspurninni sem fram undan er á árinu, að því er segir í tilkynningu. Auglýst var eftir fólki til starfa hjá fyrirtækinu nú um helgina.

Actavis starfrækir átján lyfjaverksmiðjur í þrettán löndum. Sú ákvörðun að stækka verksmiðjuna hér á landi er til komin vegna þess að það getur verið mikið og flókið verk að flytja framleiðslu lyfja annað og kallar á miklar skráningarbreytingar í þeim löndum þar sem lyfin eru seld.

- sh

Leigubílaþjónusta á Flúðum: Skutlar fólkinu heim í kojuna

ÞJÓNUSTA „Þetta er nú aðallega vinna um helgar,“ segir Jóhann Unnar Guðmundsson, sem fengið hefur jákvæða umsögn hreppsnefndar Hrunamannahrepps um starfsemi leigubílaþjónustu í hreppnum.

Mikil sumarhúsabyggð er í kringum Flúðir. Jóhann segir marga viðskiptavinina vera úr hópi gesta þar. „Ef fólk fer út að borða eða skemmta sér er gott að geta boðið því upp á akstur heim í koju í stað þess að það sé að freistast til að keyra drukkið,“ bendir hann á. Hreppsnefndin lýsti yfir ánægju með framtakið. Enda sé full þörf á slíkri þjónustu í hreppnum.

- gar

AUÐLIND
NÁTTÚRUSJÓÐUR

Auðlind-Náttúrusjóður auglýsir eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum fyrir árið 2010.

Auðlind – Náttúrusjóður er sjálfseignarstofnun sem starfað hefur samkvæmt skipulagsskrá frá 1. desember 2008. Tilgangur Auðlindar er að standa vörð um náttúru og vistkerfi Íslands, vatnafar landsins og endurheimt fyrri landgæða.

Auglýst er eftir umsóknum um styrki fyrir verkefni sem tengjast verndun og endurheimt votlendis. Heildar upphæð sem til úthlutunar er að þessu sinni er kr. 1.500.000. Hámarksfjárhæð styrkja fer eftir fjölda umsókna en þó ekki hærra en kr 500.000. Upphæð styrks getur numið allt að 50% hluta kostnaðar við vinnu, tæki og kaup á aðföngum. Einungis verður tekið við umsóknum á þar til gerðum eyðublöðum, sem finna má á vefsíðu Auðlindar, [www.audlind.org](#). Á vefsíðunni má einnig finna úthlutunarreglur sjóðsins. Umsóknafrestur er til og með 1. mars 2010 og er stefnt að því að úthlutað verði úr sjóðnum í apríl. Umsóknir skal senda Auðlind-Náttúrusjóð, Pósthólf 101, 802 Selfossi

Fyrirspurnum má beina á netfangið [audlind@audlind.org](#)
Stjórn Auðlindar - Náttúrusjóðs



SUNDLAUG ÁLFTANESS Offjórðingir hafa sligað sveitarfélagið. Skuldir vegna sundlaugarinnar eru tæpir þrír milljarðar.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Svipt fjárræði vegna milljarða skulda

Sveitarfélaginu Álftanesi hefur verið skipuð fjárhaldsstjórn. Skuldir og skuldbindingar þess eru um fimm milljörðum króna yfir því sem sveitarfélagið er talið standa undir. Sveitarstjórnin fer með öll önnur málefni en fjármál.

SVEITARSTJÓRNARMÁL Kristján L. Möller, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, hefur ákveðið að fara að tillögu eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga (EFS) og skipa fjárhaldsstjórn til að endurskipuleggja fjármál sveitarfélagsins Álftaness. Skuldir og skuldbindingar þess námu rúmum 7,2 milljörðum króna í árslok 2009 en sveitarfélagið er ekki talið standa undir hærri skuldbindingum en 2,5 milljörðum króna.

Þegar fjárhaldsstjórnin tekur við stjórn fjármála sveitarfélagsins verða allar ákvarðanir um fjárútlát að lúta samþykki hennar. Að öðru leyti fer sveitarstjórnin áfram með mállefni sveitarfélagsins, og má þar nefna áframhaldandi þreifingar um sameiningu sveitarfélagsins. Óformlegar viðræður hafa

átt sér stað við Garðabæ um sameiningu. Niðurstaða ráðherra kemur sveitarstjórnarmönnum á Álftanesi ekki á óvart. Enda segir Pálmi Þór Músson bæjarstjóri að bæjarstjórn hafi komist að þeirri niðurstöðu í janúar að sveitarfélagið myndi ekki vinna sig úr þeim fjárhagsvanda sem það stæði frammi fyrir án utanaðkomandi aðstoðar. Við þessari ákvörðun ráðherra hafi því verið búist.

Í ákvörðun ráðherra er lagt til að samkomulag verði gert milli fjárhaldsstjórnar og bæjarstjórnar Álftaness en ekki eru fordæmi fyrir slíku samkomulagi. Skipunartími fjárhaldsstjórnarinnar er til 1. ágúst næstkomandi og viðurkenndi ráðherra á blaðamannafundi í gær að í því ljósi yrði að ganga hratt í hlutina. Engin aðgerðaáætlun liggur fyrir enda er

það hlutverk fjárhaldsstjórnarinnar að vinna slíka áætlun. Ljóst er þó að starf stjórnarinnar verður að ganga til samninga við helstu lánardrottna sveitarfélagsins: Arion banka, Eignarhaldsfélagið Fasteign og fleiri.

Í bréfi EFS til ráðherra 4. febrúar kemur fram að skuldir sveitarfélagsins í árslok 2009 nema 3,1 milljarði króna og skuldbindingar vegna rekstrarleigusamninga og annarra langtímasamninga 4,1 milljarði.

Margsinnis hefur komið fram að skuld Álftaness vegna sundlaugar er tæpir þrír milljarðar. Kristján Möller svaraði því til að ríkinu færi ýmislegt betur en að reka sundlaugar þegar hann var spurður að því hvort til greina komi að ríkið leysi þá skuldbindingu til sín.

[svavar@frettabladid.is](#)

Af litlum neista...



Omeprazol Actavis
- öflugt lyf við brjóstsvíða og súru bakflæði

20 mg, 14 og 28 stk. – fáanlegt án lyfseðils í næsta apóteki

Notkunarsvið: Omeprazol Actavis inniheldur omeprazol sem hefur seytingu á magasýru. Omeprazol Actavis er notað við tilfallandi brjóstsvíða og súru bakflæði. **Frábendingar:** Örnæmi fyrir innihaldsefnum, samtímis notkun lyfja sem innihalda clartítrín hjá sjúklingum með skerta lifrarstarfsemi, samtímis notkun lyfja sem innihalda atazanavir. **Varð:** Gæta skal sérstakrar varúðar: Ef verulegt og óvænt þyngdartap verður, við endurtekin uppköst, ef erfðeileikar eru við að kyngja, við blóðuppköst eða blóð í hægðum, ef lifrar- eða nýrnastarfsemi er skert. Börn og unglingar undir 18 ára aldri eiga ekki að nota lyfið nema að ráði læknis. Omeprazol Actavis inniheldur súkrósa. **Meðganga/brjóstgjöf:** Leititíð ráða hjá lækni áður en lyfið er notað. **Aktur og notkun véla:** Aukaverkanir, svo sem þreyta, svimi og sjón- og heyrnartruflanir, geta komið fram og geta haft áhrif á hæfni til aksturs eða notkunar véla. **Aukaverkanir:** Algengar aukaverkanir eru niðurgangur, hægðaregða, vindgangur, ógleði, uppköst, svefntruflanir, sundl, höfuðverkur eða þreyta. Þessar aukaverkanir verða yfirleitt vægari við áframhaldandi meðferð. **Skammtastærðir:** Fullorðnir: 1 sýrupólið hlýki eftir þörfum. Ekki má nota meira en 20 mg á sólarhring. Ef einkennin hverfa ekki eftir að Omeprazol Actavis hefur verið notað í 14 daga skal hafa samband við lækninn vegna þess að einkennin gætu verið af öðrum orsökum. Gleypta á sýrupólunni hylkin með glasi af vökva. Sýrupólunni hylkin ætti að taka fyrir máltíð (t.d. morgunmat eða kvöldmat) eða á fastandi maga. Hvorki má tyggja né mýlja sýrupólunni hylkin. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. **Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.** Janúar 2009.



actavis
hagur í heilsu

GÓÐUR KOSTUR FYRIR SMÆRRI HEIMILI



NÝJUNG minna magn



ms.is

Virtir háskólar í Bandaríkjunum meta Ísland fremst í umhverfismálum: Ísland með 93 af 100 stigum

UMHVERFISMÁL Ísland er í fararbroddi í mengunarstýringu og nýtingu náttúruauðlinda og því efst landa á lista yfir góða frammistöðu í umhverfismálum, segir í skýrslu sem bandarísku háskólarnir Yale og Columbia hafa nýverið sent frá sér og gefin er út á tveggja ára fresti.

Í fréttatilkynningu frá háskólunum er rakið að hér á landi sé lítil mengun af gróðurhúsalofttegundum og orkan sjálfbær, bæði vatnsaflsorka og jarðhiti. Þá er skógrækt talin til kosta íslenskra umhverfismála. Í samanburði á milli landa nær Ísland 93,5 stigum af 100 mögulegum. Haft er eftir forstöðumanni hjá Yale að lönd sem taki

umhverfismál alvarlega í stefnu-mörkun sinni hækki á listanum milli ára. Sem dæmi um þetta má nefna að Kosta Ríka er ofarlega vegna aðgerða til að vernda regnskóga, en Kólumbía vegna árangurs við að byggja upp sparneytið kerfi almenningsgangna.

New York Times greinir frá listanum og vekur athygli á að upplýsingar honum til grundvallar koma frá löndunum sjálfum og gætu því verið óáreiðanlegar. Það að Kúba sé í níunda sæti listans geti verið til marks um það. Á listanum eru Bandaríkin í 61. sæti listans og Kína númer 121. Danmörk er í 32. sæti.

- shá



HREIN ORKA Landsvirkjun vekur athygli á rannsókninni á heimasíðu sinni enda hrein orka grundvöllur góðrar útkomu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

RISA

UTSALA

SÍÐASTI DAGUR Á LAUGARDAGINN!

30 TIL
70%
AFSLÁTTUR

HELSUKODDAR
30%
AFSLÁTTUR
Verð nú frá
5.915 kr.

SÆNGURFÖT
30%
AFSLÁTTUR
Verð nú frá
4.830 kr.

KING KOIL HEILSURÚM
(Queen Size 153x203)
35%
AFSLÁTTUR
ÁÐUR FRÁ 155.800 kr.
NÚ FRÁ 99.712 kr.

SVEFNSÓFAR
30%
AFSLÁTTUR
Verð nú frá
104.860 kr.

ATH! Myndirnar eru aðeins til hlíðsjónar og eiga ekki endilega við tilboðin sem gefin eru upp.

rekkjan

VEISTU SVARIÐ?



1 Hvað er búið að bólusetja marga gegn svínainflúensu hér á landi?

2 Hvar hefur Icelandair hug á að starfrækja spilavíti?

3 Hvar lokar SÁÁ göngudeild í vor?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

Klofningshópur úr IRA: Segist leggja niður vopnin

NORÐUR-ÍRLAND, AP Einn af nokkrum klofningshópum úr Írska lýðveldishernum á Norður-Írlandi, hópur sem nefnir sig Írska þjóðfrelsisherinn, eða INLA, hefur nú lagt niður vopn.

Talsmaður hópins, Martin McConacle, segir þó enga iðrun að finna meðal félagsmanna vegna fjölda hryðjuverka sem hópurinn ber ábyrgð á.

„Við biðjum engan afsökunar á okkar hlutdeild í átökunum,“ sagði McConacle, sem dvaldi sjö ár í fangelsi fyrir að hafa skipulagt sprengjuárásir á helstu leiðtoga norður-írskra sambandsinna.

Tveir aðrir klofningshópar úr Írska lýðveldishernum, IRA, hafa enn ekki lagt niður vopn og eru andvígir friðarsamkomulaginu frá 1998.

- gb

8 FRÉTTABLAÐIÐ

Kærunefnd segir Ríkiskaup bótaskyld eftir brot á Sláturfélagi Suðurlands í útboði: Útboð á mötuneyti Landspítala ógilt

STJÓRNSÝSLA Bjóða þarf aftur út rekstur á mötuneyti Landspítalans segir kærunefnd útboðsmála sem kveður Ríkiskaup hafa brotið á Sláturfélagi Suðurlands með því að vísa frá tilboði fyrirtækisins í útboði í fyrra.

Matsala fyrir starfsmenn Landspítalans var boðin út af Ríkiskaupum í júlí í fyrra. Sláturfélag Suðurlands var meðal bjóðenda en tilboði félagsins var vísað frá þar sem Ríkiskaup töldu það ekki stutt nægjanlegum gögnum um hæfi til að annast matsölu. Verkið kom í hlut Sælkeralausna, félags sem stofnað var í október 2008.

Sláturfélagið átti lægsta tilboðið í útboðinu. Kærunefndin tók undir með þeim sjónarmiðum félagsins að tilboð þess hafi í raun uppfyllt skilmála útboðsins.

Enn fremur tók kærunefndin undir með Sláturfélaginu að Sælkeralausnir uppfylltu ekki skilyrði útboðsins um að hafa að minnsta kosti tveggja ára reynslu að baki. Engu skiptu rök Ríkiskaupa um að „bjóðandinn á bak við“, Sælkera-veislur, uppfyllti skilyrðið eins og Ríkiskaup töldu fullnægjandi. Kærunefndin úrskurðaði Ríkiskaup til að greiða Sláturfélaginu 400 þúsund króna kostnað við kærumálið. Að auki eru Ríkiskaup skaðabótas-kyld gagnvart Sláturfélaginu. - gar

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

9. febrúar 2010 **ÞRIÐJUDAGUR**

Listamiðstöðin á Skagaströnd: Vonast eftir 140 listamönnum

MENNING „Íbúum Skagastrandar fjölgaði um 21 prósent á síðasta ári miðað við þá 108 listamenn sem bjuggu í bænum á vegum Ness listamiðstöðvar. Miklu munar um þá 173 listamenn sem til Skagastrandar hafa komið frá upphafi,“ segir á skagastrond.is.

Fyrstu erlendu gestalistamennirnir komu árið 2008. „Listin hefur mikil og ótvírætt góð áhrif á sveitarfélagið, til dæmis rekstur þjónustufyrirtækja svo sem matvöruverslunar, veitingastaðar, kaffihúss og svo framvegis. Vonir standa til að enn fleiri listamenn komi á þessu ári, jafnvel um 140 manns,“ segir á skagastrond.is - gar

Konur bjóða körlum á stefnumót: Nýstárleg leið til að fá karla á fund

FUNDUR Ódýrara er fyrir karl og konu að mæta saman á morgun-verðarfundinn Fjölbreytni í forystu en fyrir einstakling að skrá sig til leiks. Á fundinum verður greint frá leiðum sem viðskiptalíf-ið hyggst fara til að fjölga konum í forystusveit atvinnulífsins auk þess sem nýjar tölur Creditinfo um kynjahlutföll í atvinnulífinu verða birtar.

Rakel Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri Creditinfo, segir reynsluna sýna að konur mæti vel á fundi sem þessa en ekki karlar. Því hafi verið farin þessi leið og konur hvattar til að bjóða körlum með sér á fundinn. „Við vildum gera eitthvað skemmtilegt og öðruvísi,“ segir Rakel sem sjálf hafði tekið

RAKEL SVEINSDÓTTIR Framkvæmdastjóri Creditinfo tók upp símann og bauð forstjóra Innes á fundinn með sér.

upp símann og boðið Haraldi Jóns-syni, forstjóra Innnes, með sér á fundinn.

Fundurinn verður haldinn í fyrramálið og hefst klukkan átta á Hótel Nordica. - sbt

ÚRSLITUM FAGNAÐ Stuðningsmenn Víktors Janúkovitsj flagga bláa lítum. NORDICPHOTOS/AFP

Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld

Landsbankinn kynnir röð fjármálanámskeiða fyrir almenning undir yfirskriftinni **Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld**. Markmið námskeiðanna er að auðvelda fólki að öðlast betri yfirsýn yfir fjármál heimilisins.

Námskeiðin verða haldin í eftirtöldum útibúum:

11. febrúar	Bæjarhraun	Réttindi lífeyrisþega
18. febrúar	Hornafjörður	Fjármál heimilisins
25. febrúar	Grafarholt	Fjármál heimilisins
11. mars	Sauðárkrúkur	Fjármál heimilisins
18. mars	Snæfellsbær	Fjármál heimilisins

Réttindi lífeyrisþega

Á námskeiðinu verður farið yfir helstu breytingar sem gerðar voru á réttindum og greiðslum lífeyrisþega frá Tryggingastofnun ríkisins á árinu 2009. Sólveig Hjaltadóttir, framkvæmdastjóri, og Margrét Jónsdóttir, deildarstjóri á Réttindasviði TR, kynna breytingarnar og svara fyrirspurnum ásamt sérfræðingum bankans.

Fjármál heimilisins

Námskeiðinu er ætlað að auðvelda fólki að halda utan um fjármálin. Sérfræðingar bankans fjalla um skipulag og stýringu fjármála heimilisins, útgjöld, endurskipulagningu, kosti heimilisbókhalds, sparnaðarleiðir og lánamöguleika.

Skráning og nánari upplýsingar eru á vef Landsbankans, landsbankinn.is, og í síma 410 4000. Allir velkomnir.

FJÁRMÁLARÁÐGGJÖF | landsbankinn.is | 410 4000

 Landsbankinn

Vel staðið að kosningum

Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu segir forseta-kosningar í Úkraínu hafa farið vel fram. Stofnunin gagnrýnir helst Tímosjenko fyrir að misnota aðstöðu sína sem forsætisráðherra. Hún tapaði samt.

ÚKRAÍNA, AP Viktor Janúkovitsj, leiðtogi stjórnarandstöðunnar í Úkraínu, virtist ótvíræður sigurvegari seinni umferðar forsetakosninganna, sem haldin var á sunnudag. Þegar talin höfðu verið 99 prósent atkvæða hafði hann þriggja prósenta forskot á mótframbjóðanda sinn, Júlíu Tímosjenko forsætisráðherra.

Tímosjenko sakaði Janúkovitsj, sem tvisvar hefur verið forsætisráðherra landsins, um kosningasvik og neitaði að sætta sig við úrslitin.

Kosningaeftirlitsmenn á vegum Öryggis- og samvinnustofnunar, ÖSE, Evrópu fullyrða hins vegar að framkvæmd kosninganna hafi verið landinu til mikils sóma.

Stofnunin gagnrýnir helst Júlíu Tímosjenko fyrir að hafa misnotað aðstöðu sína fyrir kosningarnar sem forsætisráðherra landsins: „Nú er tími kominn til að pólitískir leiðtogar landsins hlýði á úrskurð þjóðarinnar og tryggja að valdaskiptin fari friðsamlega og uppbyggilega fram,“ sagði Joao Soares, forseti þings ÖSE, og beindi orðum sínum greinilega einkum til Júlíu Tímosjenko.

Stuðningsmenn Janúkovitsj hvöttu Tímosjenko til að viðurkenna ósigur.

„Hún ætti að rifja upp sín eigin lýðræðisslagorð og viðurkenna úrslit kosninganna,“ sagði Anna German, varaformaður Héraðaflokksins, stjórnmalaflokks Janúkovitsj.

Núverandi forseti, Viktor Jústsjenko, sem er fyrrverandi samherji Tímosjenko úr appelsínugulu byltingunni gegn Janúkovitsj veturinn 2004 til 2005, lætur af embætti 23. janúar.

Vinslit urðu milli þeirra Jústsjenko og Tímosjenko eftir að þau unnu sigur í appelsínubyltunni. Fjandskapurinn milli þeirra hefur torvelað allt stjórnmalalíf í landinu síðustu árin.

„Loksins virðist sem við sjáum fyrir endann á þessu tilgangs-lausa þrefi síðustu fimm ára,“ sagði Vladislav Kuprinchuk, 63 ára stuðningsmaður Janúkovitsj.

Fastlega má reikna með því að Janúkovitsj muni efla tengsl Úkraínu við Rússland, en draga að sama skapi úr tengslum landsins við Vestur-Evrópu.

Vegna þess hve naumur sigur Janúkovitsj varð gæti hann hins vegar átt erfitt með að tryggja stefnu sinni framgang.

gudsteinn@frettabladid.is



Sérfræðinám



Tölvuviðgerðir A+ frá CompTIA

Virt og gagnleg prófgráða sem tekur fyrir vélbúnaðinn, bilanagreiningu og tölvuviðgerðir (A+ Core hardware) og uppsetningu og uppfærslu stýrikerfa. (A+ OS Technologies) Einnig læra þátttakendur að koma tölvum í netsamband og stilla net. (LAN) Sjá ítarlega námslýsingu á heimasíðu skólans www.tsk.is.

Hefst: 2. mars og lýkur 1. apríl. Kennt er þri og fim kl. 13:00 – 16:30
Lengd: 50 std. Verð kr. 99.000,-

Exchange Server 2010

50 stunda námskeið sem snýr að öllu sem tengist uppsetningu, innleiðingu og rekstri á Exchange Server 2010 (Configuring, managing and troubleshooting) Einnig er farið ítarlega yfir öryggismál í póstsamskiptum með Exchange Server 2010, vöktun og bilanagreiningu ásamt því hvernig best er að endurheimta glataðan póst.

Hefst: 1. mars og lýkur 22. mars. Kennt er mán & mið & fös kl. 8:30 – 12:00
Lengd: 50 std. Verð kr. 245.000,- Allt kennsluefni innifalið.

SQL 2008 Database

Farið verður í helstu atriði í uppsetningu, rekstri og viðhaldi á nýjustu útgáfu gagnagrunnsins frá Microsoft. Þetta er aðalprófgráðan fyrir sérfræðinga sem starfa við að koma upp og hafa umsjón með Microsoft SQL Server gagnagrunnum.

Hefst: 15. febrúar og lýkur 17 mars. Kennt er mán & mið kl 9:00 -16:30. Lengd: 100 std.. Verð kr. 349.000,-
Allt kennsluefni innifalið.

Share Point 2007

Þriggja daga námskeið fyrir tæknimenn í fyrirtækjum sem hyggjast innleiða Share Point 2007 þjóninn.
(Microsoft Office Share Point Server 2007 Configuration)

Hefst: 10. febrúar og lýkur 12 febrúar. Kennt er mið & fim & fös kl. 9:00 – 16:30
Lengd: 30 std. Verð kr. 147.000,- Allt kennsluefni innifalið.

Windows 7 Þekkingaruppfærsla

Uppsetning, stilling og umsjón með tölvum sem keyra á þessu nýjasta stýrikerfi frá Microsoft og teknar fyrir allar helstu nýjungar Windows 7. Námskeiðið er eins konar uppfærslunámskeið fyrir þá sem þekja vel Windows XP. Kennt er hálfan dag í senn í 6 skipti.

Hefst: 22. febrúar og lýkur 5. mars. Kennt er mán & mið & fös kl. 8:30 – 12:00
Lengd: 30 std. Verð kr. 129.000,- Allt kennsluefni innifalið.

Cisco nám - CCNA


„Cisco Certified Network Associate“ gráðan er talin ein sterkasta gráðan í upplýsingatækni sem völ er á. Gráðan hentar þeim sem vilja verða sérfræðingar í uppbyggingu á nútíma tölvunetum og þeim tækjum sem notuð eru í samskiptum á nær- og víðnetum. Námsbrautin er undirbúningur fyrir prófið 640-802 sem er CCNA prófið frá CISCO. Um er að ræða mjög gagnlegt og áhugavert nám sem gerir talsverðar kröfur til nemenda. Námið hentar jafnt þeim, sem hafa grunn-þekkingu á tölvu- og netkerfi og langar að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði, sem og Microsoft tæknimönnum sem vilja efla þekkingu sína á netkerfum.

Hefst: 23. febrúar og lýkur 20. mars. Kennt er þri & fim (morgun og kvöldnámskeið í boði). Lengd: 80 std.. Verð kr. 229.000,- Allt kennsluefni innifalið.



Learning Solutions
Networking Infrastructure Solutions





UNDIR REGNHLÍFINNI Á myndinni má sjá regnhlíf með blómamynstri, en undir regnhlífinni leynist kona sem gengur í krpa á gangstétt í borginni Minsk í Hvíta-Rússlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Nýjung í kirkjustarfi:

Vængjamessur í Guðríðarkirkju

TRÚMÁL „Vængjamessa er nýjung í starfi kirkjunnar og verða þær í Guðríðarkirkju í Grafarholti,“ segir í tilkynningu Karls V. Matthíassonar sóknarprests. Hann segir vængjamessu vera hversdagsmessu að kvöldi dags og kallast á við æðruleysismessur á sunnudagskvöldum í Dómkirkjunni.

„Messan miðar að því að lyfta mönnum upp frá áhyggjum af sínu nánasta fólki vegna erfðleika, kvíða eða vímuefnaneyslu,“ segir í tilkynningu.

Halda á messurnar yfir veturinn fyrsta miðvikudag í hverjum mánuði, þá fyrstu núna á miðvikudagskvöldið 10. febrúar klukkan átta.

- óká

Til sölu



9. stk gólfþvottavélar,
Nilfisk, Taski, Cleanfix og
Tornado einnig 4 stk bónvélar.

Allar vélarnar er ný yfirfarnar
af fagmanni og tilbúnar
til notkunar.

**Nánari upplýsingar í síma
617 8830**

Forstjóri Marel segir fyrirtækið hafa náð forskoti á keppinauta í kreppunni:

Er sáttur eftir krefjandi ár

VIDSKIPTI „Staðan er mjög góð og mun aðeins batna á næstunni,“ segir Theo Hoen, forstjóri Marel. Hann bætir við að alþjóðlega fjármálakreppan hafi gert flestum fyrirtækjum erfitt fyrir á síðasta ári. Geti Marel vel við unað. „Ég er sáttur,“ segir hann.

Fyrirtækið tapaði 11,8 milljónum evra, jafnvirði tveggja milljarða króna, á síðasta ári. Þetta er undir væntingum. Hoen segir stjórnendur hafa reiknað með erfiðu ári og hafi þeir gripið til aðgerða. Á meðal þeirra hafi verið aukning hlutfjár þar sem hluta tiltekinna skulda-breðaflokka Marel hafi verið breytt í hlutafé, en við það fóru skuldir

niður. Þá hafi verið samið um sölu eigna utan kjarnastarfsemi og verði því haldið áfram. Þar á meðal er sala á eignum tengdum mjólkur- og drykkjarvöruheiranum sem heyrði undir matvælavinnsluvélahluta Stork, Stork Food Systems, áður en Marel keypti fyrirtækið fyrir tveimur árum. Theo stýrði Stork Food Systems áður en hann tók við forstjórastól Marel í fyrravor.

Theo bendir á að forskot Marel skýrist ekki sist af því að fyrirtækið hafi ekki dregið úr framlagi til rannsóknar og þróunar í kreppunni. Það hafi keppinautarnir gert og kunni þeir að dragast aftur úr í samkeppninni af þeim sökum.

- jab



THEO HOEN Marel getur vel við unað þrátt fyrir tap á síðasta ári, segir forstjóri fyrirtækisins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sveitarfélögin ráða við flutning stofnana

Hugmynd um að sveitarfélögin taki að sér rekstur heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni mælist misjafnlega fyrir. Ekki er efast um að þau ráði við verkefnið en tryggja verður að nægt fjármagn myndi fylgja tilfærslunni.

HEILBRIGÐISMÁL Flutningur á rekstri heilbrigðisstofnana frá ríki til sveitarfélaga er að mati forsvarsmanna sveitarfélaganna og forstjóra heilbrigðisstofnana vel gerlegur og jafnvel til bóta. Hins vegar virðist þessi hugmynd ekki hafa verið rædd af alvöru víðar en á Suðurnesjum.

Bæjarstjórn Reykjanessbæjar ályktaði í síðustu viku um málefni Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja (HSS) vegna niðurskurðar í heilbrigðiskerfinu. Suðurnesjamenntelja sig hlunnfarna og hafa því viðrað þá hugmynd að taka yfir verkefni HSS eða hafa aðkomu að rekstrinum með beinum hætti. Er mat bæjarstjórnarinnar að annar stjórnunarstíll við rekstur heilbrigðismála en nú tíðkast geti haft hagræði í för með sér.

Árni Sigfússon, bæjarstjóri í Reykjanessbæ, er þeirrar skoðunar að sveitarfélögin í landinu geti almennt séð um verkefnið. Hann segir að miðpunkturinn verði áfram Landspítalinn sem stór eining til þjónustu við allt landið en í héruðum geti sveitarfélögin sinnt þessari þjónustu.



HALLDÓR HALLDÓRSSON



ÁRNI SIGFÚSSON



FRÁ SUÐURNESJUM Hugmyndin hefur verið rædd um nokkurt skeið innan sem utan HSS síðustu tvö ár. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Segir Árni að ráðuneyti heilbrigðismála sendi frá sér handahófskenndar ákvarðanir og stefnumótun sé ekki gerð til lengri tíma heldur að nokkru leyti háð duttlungum þeirra sem sitja í stól ráðherra á hverjum tíma. Þessu þurfi að breyta.

Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, telur tilfærsluna mögulega en hún hafi ekki verið rædd á þeim nótum sem umræðan hefur verið í tilviki Reykjanessbæjar innan sambandsins. „Þó var það rætt á Landsþingi okkar 2006, þegar mótuð var sú stefna sem sambandið vinnur eftir á kjörtímabilinu, í sambandi við flutning á nærþjónustu, að það næði ekki eingöngu til málafna fatlaðra og aldraðra, heldur

mætti líka skilja það sem svo að það næði yfir málefni heilsugæslunnar.“ Halldór segir mörg sveitarfélög vera vel í stakk búin til að taka yfir rekstur heilbrigðisstofnana en það sé háð því að nægilegt fjármagn fylgi verkefninu frá ríkinu.

Álfheiður Ingadóttir heilbrigðisráðherra sagði í viðtali við Fréttablaðið á fimmtudag að hún væri því almennt hlynnt að sem mest af nærþjónustunni væri sinnt af sveitarfélögunum. Hins vegar sé rekstur heilbrigðisstofnana utan lögbundinna verkefna sveitarfélaganna og þess vegna verði að spyrja hvort sveitarfélögin séu fjárhagslega í stakk búin til að sinna þjónustunni.

svavar@frettabladid.is

Breskir þingmenn brotlegir:

Ákærðir fyrir að oftaka fé

BRETLAND, AP Fjórir breskir þingmenn verða ákærðir og eiga jafnvel fangelsi yfir höfði sér fyrir að hafa þegið greiðslur úr ríkissjóði vegna útgjalda, sem ýmist voru tilbúningur eða óviðeigandi.

Breski endurskoðandinn Thomas Legg skýrði frá því á fimmtudag að 390 þingmenn neðri deildar breska þingsins, eða meira en helmingur þingmanna deildarinnar, hafi þegið slíkar greiðslur.

Öllum þessum þingmönnum hefur verið gert að endurgreiða féð, alls um 1,3 milljónir breskra punda eða um 2.600 milljónir króna.

- gb



HÓTEL VARMAHLÍÐ Heimamenn óttast um verslun og aðra þjónustu fari þjóðvegur 1 ekki lengur um Varmahlíð.

Skagfirðingar ósveigjanlegir:

Vegurinn liggir um Varmahlíð

SAMGÖNGUR Skipulagsnefnd Skagafjarðar er andvíg áformuðum flutningi hringvegarins þannig að hann liggir ekki lengur um Varmahlíð heldur frá Arnarstapa að Sólheimagerði.

Nefndin segir Varmahlíð mikilvæga þjónustumiðstöð fyrir íbúa. Fari hún úr alfaraleið verði líklega ekki rekstrargrundvöllur fyrir þjónustu og verslun sem þar er í dag. „Á meðan ekki liggja fyrir áætlanir um hvernig þá verði unnt að tryggja þjónustu og verslun í þessum hluta sveitarfélagsins og samanburður á lagfæringu hringvegarins um Varmahlíð og fyrirbyggjandi til lögu Vegagerðarinnar með tilliti til umferðaröryggis, mun sveitarfélagið Skagafjörður ekki breyta legu hringvegarins“, segir skipulagsnefndin.

- gar



NAUTEYRI Strandabyggð ætlar að svara 15 milljóna króna boði í jörðina með gagntilboði.

Jarðeigendur í Ísafjarðardjúpi:

Óttast verðfall verði jörðin Nauteyri seld

FASTEIGNIR Nokkur óánægja mun nú vera meðal landeigenda í innanverðu Ísfjarðardjúpi með að sveitarstjórn Strandabyggðar virti viðlits 15 milljóna króna tilboð Hraðfrystihússins Gunnvarar í jörðina Nauteyri á Langadalsströnd með því að ákveða að gera fyrirtækinu gagntilboð.

Landeigendur segja að Nauteyri hafi verið metin á um 150 milljónir þegar hún var sett á sölu í fyrra og óttast að verði sé að verðfella aðrar jarðir á svæðinu ef selja eigi Nauteyri á margfalt lægra verði en það. Einn landeigandinn sagðist í samtali við Fréttablaðið telja væntanlega sölu á slíku verði sérstaklega gagnrýniverða með tilliti til þess að sveitarfélagið stæði ekki það höllum fæti að það þyrfti að selja frá sér eignir.

- gar



UMHVERFISVOTTUÐ
PRENTSMÍÐJA

Tobias Klose köfunarkennari

Oddi fyrir þig, þegar hentar,
eins og þér hentar.

Prentun frá A til Ö.



2.000 bæklingar



Oddi - umhverfissvottuð prentsmíðja. Höfðabakka 7, 110 Reykjavík, sími 515 5000, www.oddid.is

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

GLÆNÝTT FISKFARS

399

kr.kg

5 tonn af glænýju fiskfarsi
verða seld í dag.

Það er ÍSLANDSMET!

Þetta er 20 ára gömul uppskrift, leyniuppskrift.
Allir sem kaupa 5 kg fá gefins glænýtt rúgbrauð frá
HP Selfossi. ath 5 kg kosta aðeins 1.995 kr og
duga fyrir 25 manns í matinn.
Sem gerir 80 kr á máltíðina. Það gerist varla ódýrara!!

Hrikalega gott og hollt.
Gott er að búa til fiskbollur og steikja á pönnu.
Fiskbollurnar má svo frysta.
Þegar fiskbollurnar eru matreiddar þá er fínt að setja
þær frosnar inní ofn á 200 gráður í 20 mínútur.

Í fiskfarsinu er ekkert hveiti, engin egg né mjólk.
100% nýr og góður fiskur er notaður í fiskfarsið, enda getur
Fiskikóngurinn ekki státað af öðru nema góðu hráefni.



**Síðast seldist
fiskfarsið upp.**

**ATH. Bolludagurinn er
næstkomandi mánudag.**

**Verði tímanlega og út-
búið góðar fiskibollur.**



OPNUM KLUKKAN 8.00

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

Flux og Flux Junior – flúormunnskol

Að skola daglega með flúortausn er áhrifarík leið til að verjast tannskemmdum og góð viðbót við tannburstun með flúortannkremi.

Hefur þú skolað í dag?



FLUX – 0,2% flúormunnskol fyrir fullorðna og börn eldri en 12 ára.

FLUX Junior – 0,05% flúormunnskol fyrir börn 6–12 ára.

Regluleg notkun Flux flúormunnskols styrkir tennur og fyrirbyggir tannskemmdir.

Nánari upplýsingar um Flux flúormunnskol er að finna á vefsíðu Actavis, www.actavis.is

Einnig er að finna góðar upplýsingar um notkun flúors og almenna tannhirðu á vefsíðu Lýðheilsustöðvar, www.lydheilsustod.is



Jóhann Ólafsson & Co



ALLT AÐ
80%
ORKU-
SPARNADUR

SPARAÐU með OSRAM SPARPERUM.

OSRAM



Sjálfstæðir Evrópumenn

Stofnfundur fyrir félagið Sjálfstæðir Evrópumenn verður haldinn í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu föstudaginn 12. febrúar klukkan 16.30.

Tilgangur félagsins er að standa vörð um sjálfstæði Íslands, áframhaldandi samvinnu Íslands við vestrænar lýðræðisþjóðir og stuðla að efnahagslegum og pólitískum stöðugleika, trausti, einstaklings- og atvinnufrelsi og frjálsum viðskiptum. Til þess að ná þessum markmiðum vill félagið stuðla að hagstæðum samningi um aðild Íslands að Evrópusambandinu.

Fundurinn er opinur öllum þeim sem styðja tilgang félagsins.

Ávörp:

Ragnheiður Ríkharðsdóttir, alþingismaður
Jónas Haralz, hagfræðingur
Katrín Helga Hallgrímsdóttir, lögfræðingur
Gunnar Þórðarson, fv. útgerðarmaður Ísafirði

Fundarstjóri:

Ragnhildur Helgadóttir, fv. ráðherra

Fundarboðendur:


Baldur Dýrfjörð, form. fulltrúaráðs Sjálfstæðisfélaganna á Akureyri, Benedikt Jóhannesson ritstjóri, Einar Leif Nielsen, stjórnm. í Heimdalli, Einar Stefánsson prófessor, Guðfinna S. Bjarnadóttir, fv. alþingismaður, Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, Hanna Katrín Friðriksson framkvæmdastj., Jón Benediktsson, stjórnamaður í Heimdalli, Katrín Fjeldsted, fv. alþingismaður, Sigrún Gísladóttir, fv. skólastjóri í Garðabæ, Sigrún Ingibjörg Gísladóttir laganemi, Þorsteinn Pálsson, fv. formaður Sjálfstæðisflokksins, Þór Whitehead sagnfræðingur.

Sjálfstæðir Evrópumenn

FRÉTTAVIDTAL: Lögleiðing fjárhættuspila

Vilja reka samfélagslega ábyrgt spilavíti á Íslandi

Uppi eru hugmyndir um að reka spilavíti á Hótel Nordica og hefur verið sótt um leyfi til þess frá stjórnvöldum. Að hugmyndinni standa Icelandair Hótel í samstarfi við tvíbura-bræðurna Arnar og Bjarka Gunnlaugssyni. Blaðamaður settist með Bjarka og fékk að heyra allt af léttu.



BJARKI GUNNLAUGSSON

Beiðni um lögleiðingu fjárhættuspils á Íslandi var lögð inn til iðnaðar-ráðherra og dómsmálaráðherra fyrir júl af félagi sem kallast Ábyrg spilamennska ehf. Félagið eiga til helminga annars vegar Icelandair Hótel og hins vegar bræðurnir Arnar og Bjarki Gunnlaugssynir. Fundað hefur verið um málið með ráðherrunum og málið er nú í óformlegu umsagnarferli nokkurra hagsmunaaðila. Því lýkur 12. febrúar.

Ferðamenn vantar afþreyingu

Bjarki segir hugmyndina hafa verið í vinnslu lengi. Þeir bræður hafi leitað eftir samstarfi við íslenska hótelleiðgjafa fyrir fimm árum og síðan hafi málið verið í vinnslu hjá þeim og Icelandair.

Hugmyndin hafi kviknað þegar þeir urðu varir við það að erlendir ferðamenn hér á landi væru sumir hverjir ósáttir við það hversu lítil afþreying væri í boði á Íslandi. „Við höfum Gullfoss og Geysi, en það er í raun ekkert mikið meira,“ segir Bjarki. „Við höfum enga afþreyingu fyrir þetta fólk.“

Bjarki segir að spilavítið yrði fyrst og fremst hugsað fyrir ferðamenn, og myndi þannig til dæmis gera landið mun fýsilegra fyrir ýmiss konar alþjóðlega fundi og ráðstefnur, en myndi að sama skapi gagnast þeim Íslendingum sem á annað borð hafa áhuga á fjárhættuspili.

Erlendir fagmenn reki starfsemina

Bjarki bendir á að fjárhættuspil séu leyfileg undir opinberu eftirliti víðast hvar á Evrópska efnahagssvæðinu. Raunar séu Ísland og Noregur einu löndin þar sem svo sé ekki.

Tillaga Ábyrgrar spilamennsku ehf. er að danskri fyrirmynd. Þar úthlutaði ríkið sex rekstrarleyfum fyrir spilavíti árið 1990 og sá fjöldi hefur haldist samur síðan.

Umræðan þar var drifin áfram af flugfélaginu SAS, sem var umsvifamest í ferðaþjónustu þar ytra, líkt og Icelandair er á Íslandi.

SKIPTAR SKOÐANIR UM ÁGÆTI MÁLSINS

Ekki eru allir á einu máli um það hvort skynsamlegt sé að koma á fót spilavíti á Íslandi undir eftirliti ríkisins.

Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir á Vogu og formaður SÁÁ, galt varhug við hugmyndinni í hádegisfréttum á Bylgjunni í gær. Sagðist hann lítt hrifinn af hugmyndum sem kynnu að auka á spilafíkn, sem væri alvarlegur sjúkdómur. Margt annað ætti að vera í forgangi þegar kemur að atvinnusköpun á Íslandi en þetta.

Július Þór Júlíusson, formaður Samtaka áhugafélks um spilafíkn, sagði við DV.is að það yrði til háborinnar skamrar ef stjórnvöld myndu liðka fyrir opnun spilavitis á Íslandi.

Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, tekur aftur á móti ekki illa í hugmyndina. Samtökin voru fengin til að veita óformlega umsögn um málið. „Menn svöruðu því sem svo að þeir sæju ekkert athugavert við þetta svo framarlega sem gerðar yrðu góðar reglur og lítið til reynslu nágrannalandanna.“

Þá sagði Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra í samtali við Fréttablaðið í fyrradag að hún sæi bæði kosti og galla við að fara þessa leið.



ÞÓRARINN TYRFINGSSON



ERNA HAUKSÓTTIR

Bjarki segir hugmyndina ganga út á að reka hér á landi eitt spilavíti, um þúsund fermetra að stærð, og fá til þess erlenda fagaðila sem hefur reynslu af slíkum rekstri. Best sé að hafa það utan við miðborgarkjarnann, en reynslan sýni að affarásælast sé að hafa spilavíti á hóteli. Því sé Hótel Nordica langákjósanlegasta staðsetningin.

Tæpast sé rekstrargrundvöllur fyrir fleiri en einu spilavíti hér á landi, auk þess sem ólíklegt sé að hljómgrunnur sé fyrir því hjá yfirvöldum að veita meira en eitt leyfi.

Gera ráð fyrir ströngu eftirliti

Eftirlitið yrði gríðarlega stíft, segir Bjarki. Gestir yrðu krafðir um skilríki og aðgangseyri, og starfað yrði náð með samtökum á borð við SÁÁ til að vinna gegn spilafíkn. Bæklingar um spilafíkn og meðferðir við henni myndu vera áberandi í anddyri spilavitisins og mögulegt yrði fyrir gestina sjálfa eða ættingja þeirra að láta banna viðkomandi ef í óefni stefndi.

„Það er mikil samfélagsleg ábyrgð sem fylgir því að reka „casino“,“ segir Bjarki.

Hundruð milljóna í skatttekjur

Ljóst er að fjárhættuspil er stundað á Íslandi, bæði í til þess gerðum klúbbum víða um höfuðborgina, sem og á Netinu.

Bjarki segir að með því að opna löglegt spilavíti væri ætlunin að útrýma þessum neðanjarðarklúbbum. Sú hafi einmitt orðið raunin í Danmörku. „Þar lognuðust allir ólöglegir klúbbar bara út af,“ segir hann.

Þá segir Bjarki til mikils að vinna fyrir ríkið, sem gæti innheimt skatttekjur af starfseminni. Enda er í tillögunni gert ráð fyrir að umtalsverður hluti af öllu spilafé renni rakiðis í ríkissjóð sem skatttekjur.

Í Danmörku eru spilavítin misstór, og fer skattthlutfallið af spilafénu eftir stærð þeirra – þeim mun stærri sem spilavítin eru, þeim

mun hærri er skattprósentan. Í því stærsta í Danmörku er skattprósentan 68 prósent, en Bjarki segir að verði af opnun spilavitis á Íslandi verði það þó líklega nokkru smærra. Skattthlutfallið sé útfærsluatriði, en helst sé horft til 45 til 50 prósent. Í Danmörku mæti eftirlitsmaður á vegum hins opinbera daglega á staðinn og telji upp úr kössunum, og gert sé ráð fyrir svipuðu fyrirkomulagi hér.

Heimildir Fréttablaðsins herma að frumútreikningar á mögulegum skatttekjum ríkisins af starfseminni bendi til að þær gætu numið 450 til 750 milljónum á ári.

Blátt bann eða leyfisskyld spilavíti

Nokkur gagnrýni hefur komið fram á hugmyndina, meðal annars frá heilbrigðisráðherra, formanni SÁÁ og formanni samtaka áhugafélks um spilafíkn.

Bjarki segir slíka gagnrýni eðlilega og viðbúna en bendir fólk þó á að kynna sér málið í þaula áður en endanleg afstaða er tekin. Fjárhættuspil hafi tíðkast hér á landi, meðal annars á vegum SÁÁ, og ekki hafi gengið ýkja vel að sporna við ólöglegri klúbbastarfsemi eða spilafíkninni sem óhjákvæmilega fylgir.

„Eins og við sjáum þetta er bara tvennt í stöðunni,“ segir hann. „Annaðhvort að banna þetta algjörlega og taka þá almennilega á því og loka klúbbum um leið og þeir spretta upp, eða þá að leyfa þetta með þessum ströngu skilyrðum og undir eftirliti.“

Hann líkir málinu við deilurnar um lögleiðingu bjórsölu á níunda áratugnum og bendir á að þegar ríkið fór að hafa tekjur af bjórnum hafi ólöglegt brugg einnig að mestu leyti horfið.



FRÉTTAVIDTAL

STIGUR HELGASON

stigur@frettabladid.is



Hugsanlegur galli í bremsubúnaði nýjasta Prius:

Japanar segja bílinn verða innkallaðan

BÍLAR Fréttir frá Japan herma að bílaframleiðendur Toyota þurfi að innkalla nýjustu útgáfu Prius vegna hugsanlegs galla í bremsubúnaði bifreiðanna.

Toyota hefur á síðasta ári þurft að afturkalla um átta milljónir farartækja vegna galla í eldsneytisfetlum og hefur forstjóri fyrirtækisins, Akio Toyoda, beðið opinberlega afsökunar á þeim vandálum sem komið hafa upp.

Bremsugallarnir eru taldir geta haft áhrif á um 270.000 Priusa sem seldir voru í Bandaríkjunum

og Japan í maí á síðasta ári. Eitt stærsta dagblað Japans, Yomiuri, segir forsvarsmenn Toyota nú þegar hafa gert söluaðilum sínum viðvart um fyrirætlanir sínar með að afturkalla Priusinn. Formlegrar tilkynningar sé hins vegar ekki að vænta fyrr en þeir hafi gert yfirlöðum viðvart um ráðagerðir sínar.

Óvíst er hvort hið sama verður upp á teningnum í Bandaríkjunum en heimildir herma að söluaðilum þar í landi hafi verið tjáð að Toyota hyggist laga bremsubúnað þúsunda Priusa þar í landi.

- jma



TÍMAMÓTAFUNDUR
10. FEBRÚAR 2010

VIRKJUM KARLA & KONUR

FJÖLBREYTNÍ Í FORYSTU

Miðvikudaginn 10. febrúar, kl. 8-10, efna **SAMTÖK ATVINNULÍFSINS, FÉLAG KVENNA, Í ATVINNUREKSTRI, VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS, LEIÐTOGA-AUÐUR, IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ, EFNAHAGS- OG VIÐSKIPTARÁÐUNEYTI** og **CREDITINFO** til tímamótafundar á **Hótel Nordica**.

Nánari upplýsingar og skráning á **sa.is**



HJÁLPARSEVITARKONUR Kópavogsskátar fá þakklætisvott frá bæjaryfirvöldum.

Kópavogsbær þakkar skátum: Hjálparsveitin fær 700 þúsund

SVEITARSTJÓRNIR Hjálparsveit skáta í Kópavogi fær 700 þúsund króna styrk úr bæjarsjóði samkvæmt nýrri ákvörðun bæjarráðs sem kveðst með styrkveitingunni vilja færa hjálparsveitinni þakkir fyrir fórnfústar starf í gegnum tíðina.

„Nú síðast með þátttöku í björgunarleiðangri Íslendinga til Haítí í kjölfar jarðskjálfta sem þar urðu í janúar. Slíkir atburðir minna okkur á það óeigingjarna starf sem hjálparsveitirnar vinna í þágu almennings bæði hérlandis og erlendis“, segir í greinargerð sem lögð var fram með tillögunni um styrkinn.

- gar

Uppistand í Breiðholti: Handarbraut bróður sinn

LÖRGEGLUMÁL Tvö ófriðar- og áráðarmál komu til kasta lögreglu fyrir helgi.

Í hinu fyrrnefnda sátu tveir bræður að sumbli í íbúð í Breiðholti. Eitthvað sinnaðist þeim með þeim afleiðingum að annar handlegsbraut hinn með stólfæti. Sá sem ofbeldinu beitti var fluttur á lögreglustöð, þar sem hann var yfirheyrður, en sleppt að því loknu.

Síðara atvikið átti sér einnig stað í Breiðholti. Þar var gleðskapur í gangi í íbúð og kom til óláta og ryskinga. Þeir karlmenn og ein kona voru handtekin og yfirheyrð.

- jss

KÓPAVOGUR

Vilja ókeypis í sund

Félag eldri borgara í Kópavogi hefur harðlega mótmælt ákvörðun bæjarstjórnarinnar um að afnema gjaldfrjálstan aðgang eldri borgara í sundlaugar bæjarins og hefur sent bæjarstjórninni bréf þar um.

ÞAÐ VEIT ENGINN HVAÐ GERIST Í FRAMTÍÐINN



Vertu líf- og sjúkdómatryggður og spáðu í mikilvægari hluti

EINFALT Það er einfalt að líf- og sjúkdómatryggja sig hjá Lífis. Þú klárar málið á lifis.is.	ÓDÝRT Það kostar ekki nema 479 krónur á mánuði að líf- og sjúkdómatryggja sig hjá Lífis.*	RÉTTI TÍMINN Það borgar sig að byrja ungur og hraustur.
--	---	---

Með líf- og sjúkdómatryggingu hjá Lífis býrðu þér og þínum nánustu öruggeri og áhyggjulausari framtíð. Mikilvægt er að upphæð tryggingarinnar endurspeglar ólíkar þarfar þínar á hverjum tíma hvað varðar fjölskyldustærð og fjárhagslegar skuldbindingar.

Kíktu á **lifis.is** eða hafðu samband í síma **560 5000** og kláraðu málið núna.

*Samkvæmt verðskrá Lífis miðað við tvítuga reyklausa konu og að váttryggingarfrjáðæðin sé 2 milljónir kr. fyrir lífltryggingu og 2 milljónir kr. fyrir sjúkdómatryggingu.





Lausnir Íslandsbanka fyrir einstaklinga



Verðtryggð húsnæðislán – höfuðstólslækkun

Viðskiptavinum Íslandsbanka býðst að breyta verðtryggðum húsnæðislánum í óverðtryggð. Staða láns á umsóknardegi er þá uppreiknuð m.v. vísitölu í nóvember 2009 og lækkuð um 10% frá þeirri tölu (sjá mynd A).

Vextir og lánskjör

Hægt er að velja á milli 25 og 40 ára lánstíma og 6% breytilegra vaxta eða 7,6% fastra vaxta að teknu tilliti til vaxtaafsláttar. Sjá nánar í vaxtatöflu bankans og á www.islandsbanki.is.

Greiðslubyrði

Höfuðstólslækkun minnkar skuldsetningu lántaka og eykur eignamyndun. Greiðslubyrði getur ýmist hækkað eða lækkað eftir tegund láns.



Erlend húsnæðislán – höfuðstólslækkun

Viðskiptavinir Íslandsbanka geta breytt erlendum húsnæðislánum í óverðtryggð lán í íslenskum krónum. Lækkun höfuðstólsins verður að meðaltali um 25% (sjá mynd B) en getur verið mismunandi eftir myntsamsetningu láns.

Vextir og lánskjör

Hægt er að velja á milli 25 og 40 ára lánstíma og 6% breytilegra vaxta eða 7,6% fastra vaxta að teknu tilliti til vaxtaafsláttar. Sjá nánar í vaxtatöflu bankans og á www.islandsbanki.is.

Greiðslubyrði

Höfuðstólslækkun minnkar skuldsetningu lántaka og eykur eignamyndun. Greiðslubyrði getur ýmist hækkað eða lækkað eftir tegund láns.



Greiðslujöfnun húsnæðislána

Greiðslujöfnun getur létt greiðslubyrðina tímabundið á meðan niðursveiflan gengur yfir íslenskt efnahagslíf. Með greiðslujöfnun geta viðskiptavinir með húsnæðislán greitt jafnari upphæðir og dregið úr óvissunni varðandi mánaðarlega greiðslubyrði.

Greiðslujöfnun

Greiðslujöfnun er hugsuð sérstaklega til að lækka greiðslubyrði. Greiðslubyrðin er tengd vísitölu sem ræðst af launaþróun og atvinnustigi í landinu. Greiðslujöfnun getur haft í för með sér aukinn vaxtakostnað og jafnvel hærri greiðslubyrði í framtíðinni ef laun og/eða atvinnustig lækka minna en spáð var.

A

Höfuðstóll - verðtryggð lán

Höfuðstóll nú

20.000.000

Höfuðstóll
eftir lækkun

18.000.000

B

Höfuðstóll - erlend lán

Höfuðstóll nú

20.000.000

Höfuðstóll
eftir lækkun

15.000.000

C

Lækkun á greiðslubyrði

Dæmi um erlent húsnæðislán, hefðbundin myntkarfa. Eftirstöðvar 20 m.kr., þann 1. 1. 2009.

Afborgun fyrir greiðslujöfnun 98.000 kr.

Afborgun eftir greiðslujöfnun 84.000 kr.

Lækkun á greiðslubyrði 14.000 kr.

Ráðgjafi þinn getur reiknað út hvað afborganirnar þínar gætu lækkað mikið.

islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000



Íslandsbanka Lækkinga



Íslandsbanki hefur tekið frumkvæði meðal íslenskra fjármála-
fyrirtækja með breiðu úrvali lausna sem sniðnar eru að þörfum
heimilanna. Markmið okkar er að létta byrðar viðskiptavina með
sanngjörnum úrræðum og vandaðri þjónustu.



Höfuðstólslækkun bílalána og -samninga

Nú býðst einstaklingum með erlend og verðtryggð
lán að lækka höfuðstól þeirra.* Við höfuðstóls-
lækkun breytist lánið í íslenskar krónur með
breytilegum óverðtryggðum vöxtum.

Lækkun erlendra lána er að meðaltali 23% en
lækkunin er breytileg eftir myntum. Höfuðstóll
verðtryggðra lána lækkar u.þ.b. um 5%.

Höfuðstólslækkun

Hér fyrir neðan er sýnt raunverulegt dæmi um
bílasmning sem gerður var um mitt ár 2007 til
84 mánaða. Upprunaleg myntsamsetning var
50% JPY og 50% CHF. Eftir eru 61 mánaðarleg
greiðsla sem yrðu 97 með hámarkslengingu
lánstíma.

Dæmi um höfuðstólslækkun*

Höfuðstóll 05.02.2010:	5.600.000
Lækkaður höfuðstóll:	4.200.000

Vextir og lánskjör

Afsláttur sem nemur 2,6 prósentustigum er
veittur af vöxtum fyrstu 12 mánuðina. Vextir eru
því 9,5% fyrstu 12 mánuðina m.v. núgildandi
gjaldskrá Íslandsbanka Fjármögnunar. Hægt er að
velja um að halda lánstímanum óbreyttum eða
lengja hann um ¼ af eftirstöðvatíma láns, þó að
hámarki 36 mánuði.

Greiðslujöfnun

Þeim sem vilja lækka mánaðarlega greiðslubyrði
er bent á að kynna sér greiðslujöfnun nánar á
www.islandsbanki.is/fjarmognun

* Þegar talað er um lán er bæði átt við bílalán og bílasamninga. Þegar talað er um
höfuðstól er bæði átt við höfuðstól bílalána og samningsviðmið bílasamninga.



Skuldaaðlögun

Skuldaaðlögun er úrræði fyrir þá viðskiptavini
sem eru með skuldsetningu umfram greiðslugetu.

Lækkun niður í 110% af markaðsvirði
Skuldaaðlögun felur í sér að lántaki og Íslands-
banki gera með sér samkomulag um að laga
skuldir og eignir viðskiptavinar að greiðslugetu
hans, að því gefnu að viðkomandi hafi ákveðna
lágmarks greiðslugetu. Úrræðið getur falið í
sér eftirgjöf skulda til samræmis við greiðslugetu.
Skuldir vegna húsnæðis og bifreiða verða færðar
niður í allt að 110% af markaðsvirði og eftir-
stöðvar annarra skulda felldar niður í lok
samningstíma, standi lántaki við samkomulagið.

Sérsviðnar lausnir

Lausnir eru mismunandi eftir aðstæðum viðskipta-
vinar, þar sem skuldaaðlögun er lausn sem er
sérsviðin að stöðu hvers og eins einstaklings.

Önnur sértæk úrræði

Viðskiptavinum Íslandsbanka bjóðast einnig
fjöldmörg úrræði vegna tímabundinna aðstæðna
svo sem vegna atvinnumissis eða sölutregðu
eigna. Varðandi frestun greiðslna á húsnæðis-
lánum þá er annars vegar í boði tímabundin
frestun á afborgun höfuðstóls og hins vegar
frestun á bæði afborgunum höfuðstóls og
vaxtagreiðslum í allt að 12 mánuði. Frestun á
greiðslum getur komið til greina hvort sem um er
að ræða íslensk eða erlend húsnæðislán.

Komdu í næsta útibú

Íslandsbanki hvetur þá sem telja sig búa við
skuldir umfram greiðslugetu, til að koma í næsta
útibú og ræða við ráðgjafa um möguleg úrræði.



Greiða niður yfirdráttinn

Yfirdráttarlán er dýrt lánsform sem ætti aðeins að
nota tímabundið. Íslandsbanki býður viðskipta-
vinum sínum að gera samkomulag um markvissa
niðurgreiðslu á yfirdrætti á allt að tveimur árum
og lækka vaxtakostnaðinn svo um munar, eða
niður í 10,5% m.v. núverandi vaxtakjör.

Hagstæð sparnaðarleið

Að greiða niður yfirdráttarlán er meðal
hagstæðustu sparnaðarleiða sem völ er á. Vextir á
yfirdráttarláni eru hærri en vextir á sparnaðar-
reikningum og því í flestum tilvikum skynsamlegt
að setja niðurgreiðslu á yfirdráttarláni í forgang.

*Íslandsbanki hvetur alla viðskiptavini
til að koma í næsta útibú og ræða við
ráðgjafa um þær lausnir sem bjóðast.*

*Engin ein lausn hentar öllum.
Við hvetjum viðskiptavini okkar til
að kynna sér málin vandlega og taka
ákvörðun að vel athuguðu máli.*

*Nánari upplýsingar og ítarleg svör
er að finna á www.islandsbanki.is
og í næsta útibúi Íslandsbanka.*



Íslandsbanki

Þörf á endurskoðun á löggjöf um fjárhættuspil.

Ímyndarvandi vítisáhugafólks

JÓN KALDAL SKRIFAR

Þeir bræður Arnar og Bjarki Gunnlaugssynir standa, ásamt öðru áhugafólki um löglega fjárhættuspilamennsku, frammi fyrir ákveðnum ímyndarvanda sem íslensk tunga hefur umvafið áhugamál þeirra. Orðið spilavíti er eitt og sér svo gildishlaðið að hrollur fer um alla guðhrædda og löghlýða borgara þegar stungið er upp á að löggjafinn heimili slíka starfsemi.

Alþjóðlega orðið yfir húsakynni þar sem fólk spilar upp á peninga er „casino“ og merkti upprunalega hús ánægju og leikja. Íslenska orðið felur aftur á móti í sér að dvöl á slíkum stað sé ávísun á eilífa kvöl og pínu, líkt og hjá þeim vonda hið neðra.

Umræðan um fjárhættuspil hefur þannig lengi einkennst af þversögnum og tvískinnungi á Íslandi. Þeir sem þiggja peninga-verðlaun eða verðmæta vinninga fyrir leikni við skákbordið eða briddsspilamennsku hafa jafnan verið hylltir og taldir til helstu afreksmanna. Og það réttilega. Það þarf skarpan hug og mikla þjálfun til að öðlast færni í þessum leikjum. Að spila póker upp á peninga hefur hins vegar þótt sérdeilis ófínt en ekki þarf þó síður mikla æfingu til að ná góðum tókum á þeim leik en hinum tveimur.

Þetta hefur verið að breytast hratt undanfarin ár. Síðasta haust var til dæmis haldið fyrsta Íslandsmótið í póker með þátttöku tæplega tvö hundruð manns. Samtals var vinningsféð um sex milljónir króna og fékk sigurvegarinn 1,5 milljónir í sinn hlut.

Samkomur á borð við Íslandsmótið í póker eru enn á gráu svæði. Lögreglan lét spilafólkið óáreitt síðasta haust, en hafði áður leyst upp sambærileg mót.

Það er orðið tímabært að taka löggjöfina um fjárhættuspil til endurskoðunar. Óþarfa vafi leikur á rétti fólks til að taka þátt í póker móttum þar sem keppt er um peningavinninga og eins er tímabært að taka með í dæmið það breytta umhverfi sem fylgir spilamennsku á Netinu.

Nokkur erlend fyrirtæki bjóða íslenskum spilurum upp á póker og veðmál á Netinu. Ólíkt innlendu happdrættis- og getraunastarfseminni rennur ekkert af þeirra hagnaði til góðra mála hér á landi. Skýtur þar skökku við.

Það hefur reyndar lengi verið umdeilt að stofnanir á borð við Háskóla Íslands og SÁÁ þiggi rekstrarfé ættað úr spilakössum sem þykja sérstaklega ávanabindi fyrir spilafíkla. Þó er til fyrirmyndar að þetta fyrirkomulag tryggir að spilafíklar standa að nokkru leyti sjálfir undir meðferð sinni, þurfi þeir að leita sér hjálpar.

Þess utan er eitthvað snoturt við að stór hluti af spilagróðanum renni til góðra verka, en auk Háskólans og SÁÁ njóta íþróttahreyfingin, ungmennafélögin, Rauði krossinn og öryrkjabandalög góðs af spilakössunum.

Þetta atriði eru Gunnlaugssynir líka með kyrfilega á hreinu í sínum tillögum. Í þeim er gert ráð fyrir að ríkið fái í sinn hlut um sextíu prósent af hagnaði af spilavíti, eða spilastofu svo notað sé minna trúflandi orð, sem þeir bræður vilja opna í samstarfi við Icelandair hótél.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGAUFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Jón Kaldal j@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í viðdóm verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböðum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

ÖLL VERÐ ERU BESTU VERÐ

Hitastýrt tæki fyrir það og sturtu!

VERÐ
14.900
KR.



LAGERSALAN – Dalvegi 16b, Kópavogi.
Opíð virka daga 12-18 og laugardaga 10-14. S. 555 6275

FRÁ DEGI TIL DAGS

Skiptir engu ... og þó

Forval Vinstri grænna í Reykjavík var haldið um helgina. Borgarfulltrúarnir Sóley Tómasdóttir og Þorleifur Gunnlaugsson tókust á um efsta sætið á listanum og hafði Sóley betur. Þorleifur tók ósigrinum með jafnaðargeði og af drengskap. Í viðtölum við fjölmiðla lagði hann áherslu á að það skipti svo sem ekki máli hvort hann eða Sóley leiddu listann, til þess væru þau jafn hæf. Í gær bar hins vegar svo við að Þorleifur kærdi utankjörfundaratkvæðagreiðsluna. Það skiptir sumse engu máli hver verður í fyrsta sæti að mati Þorleifs, en rétt skal vera rétt.



Jónína í Útlendingastofnun? Tíu sóttu um embætti

Í bíó

Björn Bjarnason bloggari brá sér í bíó um helgina og sá myndina Avatar. Birni líkaði myndin vel og dáðist að þeirri ótrúlegu tækni sem notuð var við gerð myndarinnar. Agli Helgasyni sjónvarpsmanni finnst myndin líka góð en Hannesi Hólmsteini Gissurarsyni hugnaðist ekki boðskapurinn. Ætli þau séu þá ekki upptalin álítaefnin þar sem Björn er frekar sammála Agli en Hannesi?



forstjóra Útlendingastofnunar, sem dómsmálaráðherra skipar í 1. apríl næstkmandi. Í hópi umsækjenda er Jónína Bjartmarz, fyrrverandi þingmaður og ráðherra Framsóknarflokksins. Það er skemmtileg tilviljun. Frægt varð þegar Útlendingastofnun veitti tengdadóttur Jónínu ríkisborgararétt á met tíma eftir sérstaka flýtimeðferð allsherjarnefndar Alþingis. Umsækjendur um ríkisborgararétt ættu þó ekki að gera sér vonir um jafna skjóta meðferð þótt Jónína verði forstjóri; hún tók jú skýrt fram á sínum tíma að hún kom hvergi nálægt þeirri ákvörðun.

bergsteinn@frettabladid.is

Afneitun

Eftir að Þjóðverjar töpuðu fyrri heimsstyrjöldinni 1918 varð til „rýtingsstungugóðsögnin“. Í henni fólst að stjórnmalamennirnir sem komust til valda eftir stríðið og neyddust til að skrifa undir stranga skilmála af hálfu hinnar sigruðu þjóðar hefðu brugðist þýsku þjóðinni. Mennirnir sem töpuðu sjálfu stríðinu voru þá víðs fjarri en það hentaði þeim ákaflega vel að ýta undir goðsögnina og síðar hófust margir þeirra til vegs og virðingar á ný með skelfilegum afleiðingum fyrir þýsku þjóðina. Þetta er öfgakennt dæmi um það sem getur gerst þegar heilu þjóðirnar fara í afneitun.

Útrásin íslenska var ekki stríð en þó var orðræða hernaðarins aldrei víðs fjarri. Íslensku viðskiptajöfrunum sem tóku stórfelld lán erlendis var líkt við víkinga sem væru að sigra heiminn vegna eðlislægra hæfileika. Íslenskir stjórnmalamenn sköpuðu ekki einungis skilyrði fyrir útrásina með einkavæðingu ríkisbanka – þeir tóku þátt í því að selja hana erlendis með því að gera íslenska auðmenn að skjólstaðingum sínum. Fremstur í flokki var forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, sem tók að sér að útskýra bæði heima og erlendis hvers vegna íslenskir bísnnessmenn hefðu yfirburði yfir aðra og „bæru siguroð af öðrum“ (sbr. ræðu á fundi Sagnfræðingafélagsins 10. janúar 2006). Óheft þjóðembætti var virkjuð í þágu íslenskra kapitalista með karl-lægri stríðsorðræðu af þessu tagi.

Nú er ljóst að útrásin var reist á sandi og það vissu íslenskir ráðamenn áður en „hrunið“ var í október 2008. Eigi að síður héldu þeir að mæra útrásina erlendis og eru nú sakaðir um að hafa blekkt yfirvöld í Hollandi varðandi stöðu



SVERRIR JAKOBSSON

Í DAG | Eftirmál hrunsins

Landsbankans. Íslensk stjórnvöld tóku þátt í að fullvissa bresk og hollensk yfirvöld um að Icesave-reikningarnir væru traustir og lofuðu ríkisábyrgð á innistæðum. Það er merkileg reynsla að sjá sem þá sátu á valdastólum sitja nú á hliðarlínunni og kalla Icesave-samninga sem núverandi stjórnvöld hafa neyðst til að gera við Holland og Bretland „vonda samninga“.

Það er enginn vafi á því að íslensk stjórnvöld eru ábyrg fyrir Icesave-reikningunum skelfilegu. Það hafa íslenskir stjórnmalamenn almennt viðurkennt en það er auðvitað hagstætt fyrir þá sem bera ábyrgð á hrununu ef almenn afneitun grípur um sig meðal þjóðarinnar; ef aðalatriði málsins er ekki lengur hvaða stjórnmalastefna og hvaða stjórnmalamenn stóðu á bak við þetta mikla fjármálahættuspil sem útrásin var allan tímann. Málefnaleg rök fyrir að gagnrýna sjálfan Icesave-samninginn eru hins vegar afar fátægleg ef samstaða um ábyrgðina er fyrir hendi. Óvissuþettir í málinu eru vissulega fyrir hendi, t.d. hvort eignasafn Landsbankans muni duga fyrir allri Icesave-skuldinni eða einungis hluta hennar. En núna viðurkennir meira að segja formaður Framsóknarflokksins að „nægar eignir ættu að vera til að

borga upp kröfurnar“ (skv. frétt RÚV 4. febrúar).

Þeir sem sömdu um Icesave fyrir hönd Íslands eru ekki menn mikilla upphrópana, ólíkt mörgum þeirra sem hafa haft hátt um innihald samningsins og tekið að sér að vera alvitir aftursætisbílstjórar fyrir hönd Íslands. Í viðtali við Svavar Gestsson í seinasta helgarblaði DV er þó bent á ýmsa varnagla sem eru í samningnum og eru ágætis haldreipi fyrir Íslendinga ef hrakspár ganga eftir. Það er til dæmis hægt að segja upp Icesave-samningnum hvenær sem er. Ef lægri vextir bjóðast þá væri hægt að segja upp samningnum þegar í stað og endurfjármagna hann allan. Einnig er hægt að endurskoða samninginn í samkomulagi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn ef hann verður efnahagslífinu ofviðað, ef verstu spár rætast. Í stuttu máli þá er Icesave-samningurinn að sumu leyti betri en vænta mátti miðað við það tjón sem pólitík útrásarinnar olli bæði Íslendingum og erlendum lánardrottnum íslensku bankanna.

Pólitíski andröðurinn gegn samþykktum lögum um ríkisábyrgð á Icesave snýst að litlu leyti um innihald samningsins þótt vissulega hafi ýmsum hártögnum verið beitt til að mála sem dökkasta mynd af honum. Andröðurinn snýst fremur um að stjórnmalamenn og öfl sem bera ábyrgð á mistökum útrásinnar afneita nú afleiðingum eigin gjörða. Umræða um hvort tiltekin útfærsla á því að gera upp hrunið sé svona miklu verri en allar aðrar hefur einkum þau áhrif að draga athyglina frá kjarna málsins, en hann er sá að tiltekin stefna og ákvarðanir hlutu að leiða að svipaðri niðurstöðu. Margir hafa hag af því að sú staðreynd gleymist.

Eldfjallið í Kópavogi

UMRÆÐAN

Ármann Kr. Ólafsson skrifar um Þríhnúkaverkefnið

Þríhnúkar nefnast þrír litlir hnúkar, sem standa á hálendisbrúnni skammt vestur af Bláfjöllum. Undir gíg norðaustasta hnúksins leynist tröllaukið holrými, sem gerir Þríhnúkagíg að einu stærsta og merkilegasta náttúrufyrirbrigði sinnar tegundar á jörðinni. Óhætt er að telja að hrikaleiki gígsins muni laða að ferðamenn og verða eitt af sérkennum Íslands líkt og Gullfoss, Geysir og Bláa Lónið.

Segja má að aðgengi að Þríhnúkagíg sé jafn hrikalegt gígnum sjálfum. Náttúran er hér í meginhlutverki og afar mikilvægt er að svo verði áfram. Það er því í senn áhugavert og krefjandi verkefni að gera náttúruundrið í Þríhnúkagíg aðgengilegra ferðamönnum. Áætlað hefur verið að það muni kosta um 900 milljónir króna en engir sýningarhellar eru hér á landi, þótt ótrúlegt megi virðast. Slíkan sýningarhelli skortir sárlega og má reikna fastlega með að einn sérstæðasti hellir heims, staddur í jaðri höfuðborgarsvæðisins, muni draga að langann



ÁRMANN KR. ÓLAFSSON

úr þeim ferðamönnum sem sækja Ísland heim. Eitt stærsta verkefni ferðaþjónustunnar er að lengja íslenska ferðaárið. Þríhnúkagígur getur lagt þýðingarmikið lóð á þá vogarskál, með því að styrkja markaðssetningu á borgar- og ráðstefnuferðum hingað til lands.

Þríhnúkar, sem eru í lögsögu Kópavogs, tilheyra Bláfjallafólkvangi sem stofnaður var með friðlýsingu árið 1973. Bláfjallanefnd fer með stjórn fólkvangsins, en alls 13 sveitarfélög á suðvesturhorni landsins eiga aðild að rekstri hans. Í ljósi þessa er eðlilegt að Kópavogur taki frumkvæði og ýti þessu verkefni úr vör í samstarfi við hin sveitarfélögin innan Bláfjallafólkvangs ásamt einkaaðilum. Þetta yrði verðugt samstarfsverkefni einkageirans og hins opinbera þjóðinni til heilla. Þríhnúkagígur er náttúruundur í nágrenni höfuðborgarsvæðisins sem fáir hafa vitað af þar til síðustu ár. Árni B. Stefánsón augnlæknir hefur að öðrum ölstuðum verið sá sem hefur verið hvað útulastur við að rannsaka hellinn og koma honum á framfæri ásamt þeim skilyrðum að tryggt verði að gígurinn og umhverfi hans verði varðveitt. Það er nauðsynlegt að þetta mikilvæga verkefni sé unnið af hófsemi og virðingu fyrir náttúrunni og þessu einstaka náttúruundri.

Höfundur er forseti bæjarstjórnar Kópavogs.



Sölufulltrúar **Henny Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Pórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447



- Eykur sveigjanleika
- Linar bakverki
- Bætir líkamsstöðu
- Auðvelt í notkun
- Má nota hvar sem er



Verð: 7.950 kr.




Opið virka daga frá kl. 9 -18

www.eirberg.is • 569 3100 • Stórhöfða 25



AFS á Íslandi



AFS-skiptinemasamtökin verða með opið hús á morgun, miðvikudaginn 10. febrúar, kl. 17-19 í húsa- kynnum samtakanna, Ingólfsstræti 3, Reykjavík.

- Skiptinemadvöl
- Sjálfböðaliðadvöl
- Fósturfjölskyldur

Við hvetjum fólk til að líta við hjá okkur og kynna sér starfsemi AFS og það sem samtökin hafa upp á að bjóða.

AFS á Íslandi • Sími 552 5450 • www.afs.is



Viltu breyta mataræðinu til batnaðar, en veist ekki hvar þú átt að byrja?

INGA KRISTJÁNSDÓTTIR, næringarþerapisti
D.E.T. leiðir ykkur í allan sannleikann um hversu
auðvelt það er að breyta mataræðinu til batnaðar!

priðjudaginn.....16. febrúar
 þriðjudaginn.....23. febrúar

Heilsuhúsinu Lágmúla kl. 19:30 - 22:00

Farið verður með einföldum hætti yfir:

- Hvernig við getum náð stjórn á blóðsykrinum
- Hvernig verðum við okkur úti um þau næringarefni sem líkaminn þarfnast
- Hvernig við getum auðveldlega öðlast meiri orku, vellíðan og heilbrigði

Í lok fyrirlestrar fáði þið leiðbeiningar um val á heilsufæði.

Upplýsingar og skráning í síma 899 5020 eða á eig@heima.is.

Námskeiðsgjald kr. 4.400,-

Inga tekur fólk í einkaráðgjöf alla daga.

www.heilsuhusid.is



Heilsuhúsið

Innifalin er
mappa með
uppskriftum
og fróðleik

Gabor

Mikið úrval af dömu- og herraskóm frá Gabor.



Götuskór



Öryggisskór



Herra-sandalar



Grensásvegi 8 - 108 Reykjavík
Allar upplýsingar í síma 517-2040



Á FERÐINNI


Miðvikudaga

Sölufulltrúi:

Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is
sími 512 5473



Langar þig í alpana? Komdu þá á Siglufjörð



skard.fjallabyggd.is



Sextíu metra löng og þriggja metra breið skíðagöngubraut mun liggja um Glerártorg.

Skíðagöngumót innanhúss

Einn af áhugaverðari dagskrárliðum á Vetraríþróttahátíð ÍSÍ á Akureyri er skíðagöngumót sem haldið verður á Glerártorgi næstkomandi laugardag klukkan 14.

„Þetta er ein athyglisverðasta hugmynd sem komið hefur hér norðan heiða,“ segir Viðar Sigurjónsson, sviðsstjóri fræðslusviðs ÍSÍ, en hann kemur einnig að skipulagningu Vetraríþróttahátíðar ÍSÍ á Akureyri sem stendur fram í mars.

Hugmyndin sem Viðar vísar til er sú að halda skíðagöngumót innanhúss á Glerártorgi. „Búin verður til sextíu metra löng og þriggja til fjögurra metra breið sprettgöngubraut við suðuranddyri hússins og byggt upp hvort sínum megin við hana svo ekki renni snjór út um öll gólf,“ útskýrir Viðar. En hvaðan er snjórinn sóttur? „Um síðustu helgi var byrjað að búa



Verið er að safna snjó sem snjóvélin býr til.

til snjó niður við Glerártorg því þótt hér sé hvítt yfir er lítill snjór niðri í byggð,“ svarar Viðar en það var talinn betri kostur að flytja snjóbyssu ofan úr Hlíðarfjalli frekar en að flytja mörg hlöss af snjó. „Snjóbyssan verður

að eitthvað áfram eða þangað til snjórinn verður fluttur inn á torgið með einhverjum ráðum á laugardaginn.“

Skíðafélag Akureyrar sér um skipulagningu mótsins í samstarfi við Hlíðarfjall en keppendur koma úr Skíðafélagi Akureyrar og nærliggjandi skíðafélögum. Fjöldi keppenda er ekki orðinn ljós en Viðar taldi víst að fleiri hefðu áhuga en kæmust að. „Eðli málsins samkvæmt er ekki hægt að hafa mótið í gangi alla helgina, því snjórinn bráðnar jú mjög hratt í tuttugu stiga hita,“ áréttir Viðar. „Þetta verður því snöggur en afar skemmtilegur viðburður.“

solveig@frettabladid.is

6 DAGA NÁMSKEIÐ

í allmennri fjallamennsku hefst í apríl 2010



Skráning á heimasíðu Íslenskra Fjallaleiðsögumanna. Afsláttarverð fyrir netklúbbsmeðlimi.

FJALLALEIDSOGUMENN.IS

fjallaleidsogumenn@fjallaleidsogumenn.is
NÁNARI UPPLÝSINGAR Í SÍMA 587 9999



Kynning

SKÍÐA OG ÚTIVISTAPARADÍS Á SIGLUFIRÐI

Skíðasvæðið á Siglufirði hefur verið mikið í umræðuni sem mjög góður valkostur fyrir þá sem ástunda skíðamennsku í ítrustu merkingu þess orðs, því á skíðasvæðinu á Siglufirði eru aðstæður og brekkur fyrir brettaskíðun, fjallaskíðun, gönguskíðun og að sjálfsögðu mikil fjölbreytni fyrir alpagreinaskíðun.

Á svæðinu eru 3 lyftur sem sjá um að koma skíðamanninum að þeim brekkum sem hentar honum, heildar lengd á þessum 3 lyftum er um 2 km og lengsta skíðaleiðin getur verið um 2,5 km allt eftir því hvaða leið er valin, á svæðinu eru mjög léttar brekkur upp í svartar krefjandi brekkur og allt þar á milli.

Skíðasvæðið var opið veturinn 2008–2009 í 125 daga sem er met opnun frá því að skíðasvæðið var flutt í Skarðsdalinn á Siglufirði, gestir á þessum tíma voru um 11 þúsund sem er ekki svo lítið fyrir sveitafélag af þessari stærðargráðu því margfeldis áhrifin er varðar alla þjónustu sem að sjálfsögðu þarf að inna af hendi er gríðaleg og

mjög jákvætt skref í uppbyggingu á ferðaþjónustu á þessum tíma og hóparnir sem komu hér í heimsókn voru mjög fjölbreyttir, æfingahópar, fjallskíðahópar, brettaskíðahópar og að sjálfsögðu fjölskylduhópar og fl fl, og áfram er unnið við að markaðsetja skíðasvæðið sem góður valkostur fyrir útivistarfolk og hér á Siglufirði er alltaf verið að bæta þá aðstöðu fyrir ferðamanninn hvað varðar aðra afþreyingu s s söfnin okkar eins og Síldaminjasafnið, Þjólagasetrið. Síðan er mjög spennandi uppbygging hjá fyrirtækinu Rauðku tengt ferðamennsku og er það í rauninni stórkostleg uppbygging og er vert fyrir ferðamanninn að kynna sér hvað þar er í gangi, ég bendi á síðuna siglo.is.

ALLT

Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is - sími 512 5473

Henný Árnadóttir
henny@365.is - sími 512 5427

Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is - sími 512 5447

TÍSKA
Fimmtudaga



Lítið yfir að BC Place-höllinni sem er til vinstri á myndinni. Þar verður haldin bæði opunar- og lokahátíð ólympíuleikanna. Til hægri á myndinni er hokkíhöllin í Vancouver þar sem verður að öllum líkindum mikið líf og fjör á næstunni.

NORDICPHOTOS/AFP

Snjórinn aðfluttur

Hlýir vindar leika um snævipaktar hlíðar Cypress Mountain þar sem stór hluti vetrarólympíuleikanna fer fram á næstunni.

Vetrarólympíuleikarnir hefjast í Vancouver í Kanada á föstudaginn, 12. febrúar, og standa til loka mánaðarins. Hlýir vindar hafa leikið mótshaldara grátt enda kuldinn ákjósanlegri til vetraríþróttahalds. Líttill snjór er í fjallinu Cypress Mountain sökum hlýviðris. Mótshaldarar hafa verið gagnrýndir fyrir val á fjallinu sem er þekkt fyrir snjóleysi vegna veðurfyrirbrigðisins El Niño. Þeir lofa þó nægum snjó enda er verið að aka snjóhlössum frá Manning Park, sem er í 250 km fjarlægð, til að hægt verði að halda mótið skammlaust.



Ferðamenn og keppendur drífur að um þessar mundir en nóg verður um varning og minjagrip í verslunum Vancouver.

Vetrarólympíuleikarnir árið 2010 eru þriðju ólympíuleikarnir sem haldnir eru í Kanada. Sumarleikarnir árið 1976 voru haldnir í Montreal í Quebec og árið 1988 voru vetrarleikarnir haldnir í Calgary í Alberta.

Muckboot tilboð í febrúar

Einnig húfur og vettlingar á góðu verði

www.icefin.is
Icefin Nóatúni 17
S:5343177



Þjóðum upp á hundasleða og hjólavagnaferðir allt árið um kring. Sleðaferðirnar eru farnar á jöklum eða þar sem snjóalög eru okkur hagstæð. Þegar við höfum ekki nægan snjó notum við hjólavagna á svörtu söndunum neðan við Mýrdalsjökul

Allar frekari upplýsingar eru á heimasíðunni okkar.



+354 487 7747 / info@dogsledding.is
www.dogsledding.is



Ein stærsta vetrarhátíð í Evrópu fer fram í skíðabænum Mayrhofen í Austurríki í apríl.

NORDICPHOTO/GETTY

Tónlistarhátíð án drullusvaðs

HIN ÁRLEGA VETRARHÁTÍÐ SNOWBOMBING VERÐUR HALDIN Í TÍUNDA SINN DAGANA 5. TIL 10. APRÍL Í AUSTURRÍSKA ALPAPORPINU MAYRHOFEN.

Hátíðin var fyrst haldin árið 2000 og þá í franska skíðabænum Risoul en hefur farið fram í Mayrhofen síðan árið 2005 og er nú orðin ein stærsta tónlistar- og vetrarhátíð í Evrópu.

Meðal þeirra tónlistarmanna sem koma fram á Snowbomb á áru eru Fatboy Slim, Editors, 2Many Djs, Friendly Fires og De La Soul ásamt öðrum. Tónleikarnir fara ekki fram í hefðbundnum tónleikasölum heldur í stærðarinnar snjóhúsi, úti undir berum himni innan um barrtré og í fornum hlöðum. Aðstandendur hátíðarinnar lofa gestum hennar að svæðið verði algjörlega laust við drullusvaðið sem einkennir margar stærstu útihátíðir Evrópu, enda sé svæðið þakið fallegum púðurnsjó á þessum tíma. Auk þess að hlýða á tónleika geta hátíðargestir skellt sér í skíðabrekurnar yfir daginn ásamt því að fylgjast með atvinnusnjóbrettamönnum sýna listir sínar í þar til gerðum skemmtigörðum.

Miðaverð á Snowbomb-hátíðina kostar þó sitt, eða í kringum 56.000 krónur.

Allt fyrir vetrarsportið


Komdu á Kletthálsinn og skoðaðu úrvalið!



Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900



arctictrucks.is



Erna í nýja keppnisgallanum við æfingar í Winter Park í Colorado.

MYND/ÚR EINKASAFNI

Skíðaíþróttin veitti Ólympíufaranum frelsi

Erna Friðriksdóttir er fyrsti Íslendingurinn sem tekur þátt í vetrarólympíuleikum fatlaðra en hún keppir í alpagreinum og hefur æft stíft undanfarna mánuði í Winter Park í Colorado-ríki í Bandaríkjunum.

„Ég mun keppa í svigi og stórsvigi í flokki sitjandi en í honum keppa bæði konur og karlar á sérhönnuðum skíðasleða, svokölluðum mono-skíðum,“ segir Erna sem fæddist með klofinn hrygg. „Keppendur sitja þá í stól og eru á einu skíði en eru einnig með skíðastafi sem eru með litlum skíðum undir.“

Erna, sem er 22 ára, kynntist skíðaíþróttinni fyrst þegar leiðbeinendur frá Challenge Aspen voru með námskeið í Hlíðarfjalli árið 2000 en það var í samstarfi við Íþróttasamband fatlaðra og Vetraríþróttamiðstöð Íslands. „Ég hef alla tíð stundað skíðaíþróttina með góðum stuðningi frá foreldrum mínum en pabbi minn lærði á skíði samhliða og studdi mig við æfingar á Egilsstöðum.“

Hvaða árangri gerirðu þér vonir um að ná á vetrarólympíuleikunum í Vancouver sem hefjast 12. mars? „Það er erfitt að segja,“ segir Erna. „Eigum við ekki að segja að það sé mikilvægast að taka þátt. Ég er fyrsti keppandinn sem tekur þátt í vetrarólympíuleikum fatlaðra fyrir hönd Íslands og að sjálfsögðu ætla ég að gera mitt besta og vera landi og þjóð til sóma. Þetta er búið að vera mikið ævintýri. Hér í Winter Park eru keppendur frá ýmsum löndum og æfingar verið langar og strangar. Nú er ég í 18. sæti heimslistans í svigi og stórsvigi og auðvitað vil ég gera betur á vetrarólympíuleikunum.“

Erna segir að það sé íþróttasamband fatlaðra sem sendi hana á leikana en það og Vetraríþróttamiðstöð Íslands hafa haft mikið og gott samstarf sín á milli og við Challenge Aspen í Colorado og NDCD á Winter Park í Colorado. „Þetta samstarf hefur meðal annars gert mér kleift að stunda æfingar erlendis.“



Erna tekur þátt í vetrarólympíuleikum fatlaðra í Vancouver.

Telurðu að þátttaka þín muni hvetja aðra með skerðingu til þess að stunda skíðaíþróttina? Það er ósk mín að það muni hvetja

þá til þess. Skíðaíþróttin hefur veitt mér rosalega mikið frelsi og er frábær afþreying. Ég hélt að ég gæti þetta aldrei. Nú tel ég að það sé bara örlítill trú á sjálfan sig, traust og geta sem þurfi til. Næsta námskeið sem nokkrir af ofangreindum samstarfsaðilum ætla að halda verður í Hlíðarfjalli 12. til 14. febrúar næstkomandi. Ég hvet alla eindregið til að prófa,“ segir Ólympíufarinn Erna Friðriksdóttir. unnur@frettabladid.is



CAN-AM OUTLANDER 400 MAX XT

1.990.000 kr.

can-am



CAN-AM OUTLANDER 800R MAX LTD

3.290.000 kr.

can-am



CAN-AM OUTLANDER 650 MAX XT

2.690.000 kr.

can-am



CAN-AM OUTLANDER 400HO EFI

1.684.000 kr.

can-am



Íslenskar aðstæður krefjast krafts, endingar og liðleika. Can-Am fjórhjólin hafa einna kraftmestu vélarnar í hverjum stærðarflokki, eru hönnuð fyrir erfiðar aðstæður og gerð til að látið sé reyna á þau.

Komdu í Ellingsen og finndu kraftinn í Can-Am

REYKJAVÍK
Fiskislóð 1 • Sími 580 8500

 **Ellingsen**

Náttúrulegar og lífrænar húðvörur fyrir börn



• Barnatannkremið frá Weleda er þróað í samvinnu við tannlækna. Það er hannað fyrir barnatennur, það má gleypa og það inniheldur ekki flúor.



• Létt og mild húðmjólk, gott fyrir viðkvæma húð. Það er auðvelt að bera kremið á, smýgur auðveldlega inn í húðina.



Lífrænt ræktað án aukaefna • www.weleda.is



WELEDA

Ljósmaður mæla með Weleda barnavörum.

Útsölastaðir: Apótek, barnaverslanir og heilsuverslanir.

börn

ÞRIÐJUDAGUR 9. FEBRÚAR 2010

Nálgast viðfangsefnið á hispurslausan hátt Þóra Sigurðardóttir vinnur að nýrri handbók fyrir foreldra. **SÍÐA 2**



Umdeild hjálpartæki Skiptar skoðanir eru á því hvort notkun snuða sé til góðs. **SÍÐA 6**



FRÉTTABLAÐIÐ

NORDICPHOTOS/GETTY



Glaðleg íslensk dýr á sængurfatnaði fyrir börnin

Lin
DESIGN

Lin Design, gamla sjónvarpshúsið Laugavegi 176 Sími 533 2220 www.lindesign.is

Hreinlæti skiptir máli

Fyrir mæður sem þurfa einhverra hluta vegna að gefa börnum sínum þurrmjólkurböndu í stað brjóstamjólkur er vert að hafa í huga að hreinlæti er afar mikilvægt við meðhöndlun þess þar sem ungbörn eru sérstaklega viðkvæm fyrir matarsýkingum. Matvælaöryggisstofnun Evrópu (EFSA) gaf fyrir nokkrum árum út leiðbeiningar um blöndun, meðhöndlun og geymslu þurrmjólkur fyrir foreldra.

Í leiðbeiningunum er meðal annars fjallað um mikilvæga handþvotta, hreinlæti í eldhúsi og nauðsyn þess að öll áhöld séu hrein fyrir notkun. Einnig er mikilvægt að blanda mjólkurbönduna stuttu fyrir gjöf og ekki á að blanda fyrir meira en eina gjöf í einu. Ávallt skal nota soðið vatn fyrir hverja blöndu eða vatn sem búið er að



Þurrmjólkurmæður geta leitað til næstu heilsugæslustöðvar og fengið ítarlegar leiðbeiningar um pelapríf.

sjóða og kæla, en þá þarf það að vera nýlegt. Eftir hverja gjöf skal hella niður afgangsmjólk.

- jma

● Á FERÐ OG FLUGI

Þegar ferðast er með ungbarn í flugvél er að mörgu að huga en langar flugferðir geta tekið á taugarnar ef barnið er óvært. Skiptitöskuna er betra að hafa við höndina með aukafötum og bleium. Ef barnið fær hellu í eyrun má reyna að fá það til að sjúga eitthvað, leggja það til dæmis á brjóst eða bjóða því pela eða snuð. Ef það er mögulegt getur verið sniðugt að miða flugferðina við þann tíma sem barnið er vant að leggja sig og þá er líklegra að það sofi gegnum óþægindin. Ef barnið er orðið nokkurra mánaða er nauðsynlegt að hafa með sér leikfang til að hafa ofan af fyrir því. Passa þó að það sé ekki hávær

spiladós sem truflar aðra farþega. Ef flugferðin er löng er um að gera að ganga um í vélinni með barnið og minna sjálfan sig á að ferðin tekur enda um síðir.



● **LÝSI FYRIR HEILANN** Mjólkandi mæður sem taka reglulega lýsi og borða mikinn fisk gera börnum sínum gott, samkvæmt rannsókn Önnu Sigríðar Ólafsdóttur, matvæla- og næringarfræðings hjá Manneldisráði. Í lýsi og fiski eru nefnilega fitusýrur sem gegna mikilvægu hlutverki í þroska ungbarna, sérstaklega í heilbrigðri þroskun heila og taugakerfis. Þetta er meðal annars dókósaheksanóísýra (DHA) en hlutur hennar og skyldra fitusýra er hærri í brjóstamjólk þeirra kvenna sem taka lýsi reglulega.

Þrátt fyrir þessar niðurstöður Önnu Sigríðar er talið að hlutur D-vítamíns í brjóstamjólk dugi ekki til að fullnægja þörfum ungbarna. Því eru hinar sígildu ráðleggingar til foreldra ungra barna um gjöf AD-dropa eða lýsis í fullu gildi.

Meðgöngu- og brjóstagjafahaldarar í mörgum gerðum og stærðum 32–46, skálar A–K



Móðurást, Hamraborg 9
s. 564 1451, www.modurast.is

Fróðleikur úr öllum áttum

Í eitt og hálf ár, eða frá því að sonur Þóru Sigurðardóttur rithöfundar var nokkurra vikna, hefur Þóra verið að hamra saman bók sem kemur út hjá Sölkú í vor. Vinnuheitið er Foreldrahandbókin og er heljarmikið verk sem fjöldi manns kemur að.

„Bókin fjallar um flest allt sem viðkemur lífi barns og foreldra fyrsta árið í máli og myndum. Hugmyndin kviknaði þegar ég var sjálf nýbúin að eignast frumburðinn og áttaði mig á því að í rauninni vissi ég óskaplega lítið hvað ég var að gera. Misvísandi skilaboð juku ekki á öryggiskennd mína og ég upplifði mig sem hálfmisheppnaða. En ég spurði þá sem mér stóðu næst og brátt áttaði ég mig á þeim fjársjóði sem falinn er meðal foreldra allt í kringum okkur,“ segir Þóra.

Fljótlega fór Þóra því að punkta hjá sér. „Gömul húsráð og ýmislegt sem foreldrar hafa lært af reynslunni rak á fjörur mínar og það var í rauninni kveikjan að bókinni. Síðan vatt verkefnið upp á sig eftir því sem barnið óx og dafnaði. Ég fékk til liðs við mig fjöldann allan af sérfræðingum sem miðla úr sínum viskubrunnum varðandi ótrúlegustu hluti auk þess sem ég sendi út könnun á yfir hundrað mæður. Markmiðið með því var að fá áhuga-verða tölfraði og skemmtileg ummæli og kannski ekki síst til að varpa ljósi á þá staðreynd að engar tvær mæður upplifa þetta hlutverk nákvæmlega eins.“

Optical fartölvumús með USB. Fyrir Windows og Mac.

2.950

MINNISLYKILL



16GB

Corsair USB2 Thumb Drive

16GB USB mini minniskubbur, höggvarinn og með 10 ára ábyrgð. Einn sá allra minnsti.

8.950

FLAKKARI



500GB

WD MB Essential

Apollo 500GB

500GB USB2 utandliggjandi 3.5 flakkari.



14.950

HARÐDISKUR



1TB



Samsung Spinpoint

1TB SATA2 harðdiskur með 300MB/s og 32MB cache. 7200 snúninga.

14.950

SJÓNVARPSFLAKKARI



UNITED

720/1080i

HDMI

United HD MMP 9530

- 720P/1080i HD 3.5" spilari
- 640GB WD Greenpower diskur
- SD/MMC kortalesari
- HDMI og USB Uplink ofl.

640GB

22.950

SKJÁKORT



msi

MSI GeForce

N250GTS-2D512

512MB skjákort með 1998/2200MHz DDR3 minni, 675/738MHz kjarna, 2xDVI, HDMI og PCI-E 16X.

22.950

LEIKJATURN



CoolerMaster Elite 332

- AMD Phenom II 550 3.1GHz
- 4GB DDR3 1333MHz
- 640GB WD Blue 7200RPM
- 512MB ATI Radeon 4770
- Windows 7 Home Premium

127.950

SJÓNVARPSFLAKKARI MEÐ UPPTÖKU



TViX

DViCO TViX R-3300

Sjónvarpsflakkari og PVR/DVR upptökutæki 1TB WD Greenpower diskur, afspilun yfir net, HDMI tengi, aðgerðir á skjá og fullkomin fjarstýring.

1TB

39.950

acer FARTÖLVA

Acer Aspire 5732Z-434G25Mn

- 2.1GHz Intel Pentium Dual-Core T4300 örgjörvi
- 4GB DDR2 minni
- 250GB SATA harðdiskur
- 15.6" WXGA skjár
- Intel Graphics Media Accelerator X4500 skjákort
- Práðlaust netkort
- Vefmyndavél
- Tálaborð
- Windows 7 Home Premium



119.950

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGAR-
KOSTNAÐUR **AÐEINS KR. 750** HVERT Á LAND SEM ER
• VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI
• SÍMI 569 0700 • www.att.is

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

> Logi að leika vel í Frakklandi

Körfuboltamaðurinn Logi Gunnarsson hefur staðið sig vel með franska C-deildarliðinu St. Etienne að undanförunu. Logi er búinn að vinna sér fast sæti í byrjunarliðinu með því að skora 15,2 stig og gefa 3,4 stoðsendingar að meðaltali í síðustu fimm leikjum liðsins. Logi fékk ekki mörg tækifæri til að byrja með eftir að hafa meiðst á undirbúningstímabilinu en nú er hann kominn á fulla ferð og farinn að hjálpa sínu liði upp stigatöfluna. Logi skoraði 18 stig og hitti úr 4 af 7 þriggja stiga skotum í sigri á Vosges um helgina.

sport
sport@frettabla-



BRYNJAR ÞÓR BJÖRNSSON: SKORAÐI 33 STIG Í TÓLF STIGA SIGRI Á NJARÐVÍK Í DHL-HÖLLinni Í GÆR

Ekki verra að hitta vel í sjónvarpsleik

KR-ingar með Brynjar Þór Björnsson í fararbroddi unnu tólf stiga sigur á Njarðvík, 89-77, í Iceland Express-deild karla í DHL-Höllinni í gær. Njarðvíkingar hafa því tapað fjórum síðustu leikjum sínum í deild og bikar. Eftir miklar sveiflur og jafna stöðu fyrir lokaleikhlutanum fóru KR-ingar illa með Njarðvíkurliðið í lokaleikhlutanum sem þeir unnu 19-7.

Brynjar Þór skoraði 33 stig og skaut KR-liðið í gang í báðum hálfleikjum eftir að gestirnir úr Njarðvík höfðu byrjað hálfleikina vel. Njarðvík komst í 11-6 og 55-44 en í bæði skiptin svaraði Brynjar með þristum og fjögurra stiga sókn. „Ég hitti vel í kvöld sem betur fer og það var ekki verra að gera það í sjónvarpsleik,” sagði Brynjar Þór Björnsson við Guðjón Guðmundsson í útsendingu Stöðvar 2 Sport í gær. „Þetta er besti leikurinn minn í vetur og hann kom ekki á slæmum tíma,” sagði Brynjar sem hitti úr 10 af 14 skotum sínum í leiknum, þar af 7 af 11 skotum sínum fyrir utan þriggja stiga línuna.

KR var búið að tapa þremur leikjum fyrir Njarðvík á tíma-bílinu en nú náðu Íslandsmeistararnir að sýna mátt sinn og megin.

„Njarðvík er með gríðarlega sterkt lið og þeir verða sterkir þegar Bradford kemst betur inn í þetta,” segir Brynjar og hann talaði um mikilvægi sigursins fyrir liðið enda toppsætið að veði.

„Við ætluðum að halda okkur á toppnum. Við spiluðum ógeðslega illa á fimmtudaginn og það var flott að koma til baka og vinna Njarðvík,” sagði Brynjar en Sigurður Ingimundarson, þjálfari Njarðvíkur, var heldur fámáll við Guðjón Guðmundsson eftir leik.

Njarðvíkingar hafa nú tapað fjórum leikjum í röð og það er ljóst að það bíður Sigurðar erfitt verk að reyna að koma liði sínu aftur í gang.

Pavel Ermolinski var í byrjunarliði KR í gær í stað Semaj Inge og gældi Pavel við þrennuna með 10 stigum, 9 fráköstum og 8 stoðsendingum. Inge kom á móti með mikinn kraft inn af bekknum. Hann fékk mikið hrós frá fyrirliðanum Fannari Ólafssyni í leikslok sem taldi hann hafa verið manninn á bak við sigurinn þó svo að hann hafi ekki skorað mikið en Semaj var með 2 stig og 9 stoðsendingar í gær.



ÚRSLIT Í GÆR

Subway-bikar karla

Grindavík-ÍR 90-76 (50-41)
Stig Grindavíkur: Páll Axel Vilbergsson 29, Ómar Örn Sævarsson 12, Arnar Freyr Jónsson 10, Ólafur Ólafsson 10, Darrell Flake 10, Guðlaugur Eyjólfsson 9, Þorleifur Ólafsson 8, Björn Steinar Brynjólfsson 3.
Stig ÍR: Nemanja Sovic 28, Michael Jefferson 20, Kristinn Jónasson 10, Ásgeir Örn Hlöðversson 8, Eiríkur Ónundarson 5, Ólafur Þórisson 3, Steinar Arason 2, Björgvin Jónsson 2.

Grindavík mætir Snæfelli í bikaúrslitaleiknum í Laugardalshöllinni 20. febrúar næstkomandi.

Iceland Express karla

KR-Njarðvík 89-77 (44-50)
Stig KR: Brynjar Þór Björnsson 33, Tommy Johnsson 22, Fannar Ólafsson 10 (12 fráköst), Pavel Ermolinski 10 (9 fráköst, 8 stoðsendingar), Finnur Atli Magnússon 6, Darri Hilmarsson 4, Semaj Inge 2 (9 stoðsendingar), Jón Orri Kristjánsson 2.
Stig Njarðvíkur: Jóhann Árni Ólafsson 19, Nick Bradford 16 (8 stoðs.), Magnús Þór Gunnarsson 16, Friðrik Stefánsson 8, Páll Kristinnsson 8, Egill Jónasson 6, Hjörtur Hrafn Einarsson 4.

STAÐA EFSTU LIÐA Í DEILDINN

KR	16	13	3	1495-1294	26
Keflavík	15	11	4	1363-1186	22
Snæfell	15	11	4	1416-1215	22
Stjarnan	15	11	4	1316-1234	22
Njarðvík	16	11	5	1406-1234	22
Grindavík	15	10	5	1415-1227	20



KVÖDDU Í GÆR Íris Guðmundsdóttir og aðrir í íslenska ólympíuhópnum voru formlega kvædd í Kringlunni í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Keppendur Íslands á ÓL:

Milljón fyrir metárangur

VETRARÓLYMPIULEIKAR Íslensku ólympíufararnir á vetrarleikunum í Vancouver voru formlega kvæddir í Kringlunni í gær um leið og sýningin „Innganga“ á fyrstu hæð Kringlunnar var sett en á henni verður sýndur inn-göngufatnaður íslenskra ólympíufara fyrr og nú.

Ásgeir Sverrisson, skíðafor-kólfur og framkvæmdastjóri Tæknivara, hét um helgina milljón á íslensku keppendurna á vetrarólympíuleikunum takist einhverjum þeirra að bæta besta árangur íslensks keppenda á vetrarólympíuleikum.

Steinunn Sæmundsdóttir á besta árangur Íslendinga á vetrarleikunum en hún varð í 16. sæti af 43 keppendum í svigi á leikunum í Innsbruck árið 1976. Eysteinn Þórðarson varð í 17. sæti í svigi í Squaw Valley árið 1960. Nú er að sjá hvernig gengur hjá þeim Stefáni Jóni Sigurgeirssyni, Árna Þorvaldssyni, Björgvini Björgvinssyni og Írisi Guðmundsdóttur í Vancouver og hvort þau geti krækt í milljónar styrk fyrir Skíðasambandið. - 66j

Grindavík í Höllina eftir smá basl

Grindavík vann ÍR 91-78 í undanúrslitum Subway-bikarsins í gærkvöldi og komst í bikarúrslitaleikinn í fimmta sinn. Grindavík hafði forystu allan tímann en þurfti að vera á tánum því ÍR-ingar gáfu ekkert eftir.

KÖRFUBOLTI „Þetta var ströggli. Við spiluðum ekki vel þótt það hefðu komið góðir kaflar,” sagði Páll Axel Vilbergsson eftir að Grindavík vann sér inn sæti í bikarúrslitunum með heimasigri á ÍR. Páll var stigahæstur Grindvikinga í gær með 29 stig og skoraði mikilvæg stig á mikilvægum augnablikum leiksins.

„Við misstum dampinn aðeins í lok fyrri hálfleiks. Við vorum með hausinn í rassgatinu og þeir gerðu leik úr þessu en á endanum var þetta tiltölulega öruggt. Þetta var hörkuleikur og þannig eiga bikarleikir að vera.“

Grindvíkingar voru taldir sigurstranglegrir fyrir leik enda á heimavelli og eru tíu stigum fyrir ofan Breiðhyltinga í deildinni. Þeir fóru kröftuglega af stað og fyrstu tíu stiginn voru þeirra.

Páll Axel Vilbergsson skoraði þriggja stiga körfu rétt fyrir lok fyrsta leikhluta og staðan 21-13 að honum loknum. Gestirnir náðu góðum kafla skömmu fyrir hálfleik og staðan var 50-41 þegar leikmenn héldu til búningsherbergja.

ÍR-ingar héldu svo uppteknum hætti í þriðja leikhluta og þegar þeir höfðu minnkað forystu Grindvikinga niður í fjögur stig tók Friðrik Ragnarsson leikhlé til að skerpa á leik sinna manna. Hann var augljóslega ekki sáttur. Staðan var 64-60 fyrir síðasta fjórðunginn.

Grindvíkingar reyndust hins vegar of stór biti fyrir Breiðhyltingana á lokakaflanum og sigur þeirra var aldrei í hættu í síðasta leikhluta, lokatölur 91-78. Ómar Sævarsson átti góðan leik



21 FRÁKAST Ómar Sævarsson var sínum gömlu félögum í ÍR erfiður í undanúrslitaleiknum í gær en hann tók alls 21 frákast í leiknum.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

fyrir Grindvikinga, skoraði 12 stig og tók 23 fráköst og reyndist sínum fyrrum samherjum erfiður.

Nemanja Sovic var stigahæstur hjá ÍR með 28 stig.

Áfram halda hrakfarir ÍR-

inga en þeim hefur gengið mjög illa upp á síðkastið. Annað er að segja um Grindvikinga sem eru á beinu brautinni, hafa unnið sterka sigra í deildinni og nú bíður þeirra úrslitaleikur í bikarnum þar sem Snæfell verður mótherjinn.

„Það verður áskorun að mæta Snæfelli í þessum úrslitaleik. Ég sá leik þeirra gegn Keflavík þar sem þeir virkuðu mjög ferskir. Mér list vel á þetta. Við erum nokkuð brattir eftir gott gengi að undanförunu,” sagði Páll Axel. „Við munum samt ekki mæta í Höllina bara til að skemmta áhorfendum, við ætlum að vinna þetta.“

Gunnar Sverrisson, þjálfari ÍR, sá marga ljósa punkta í leiknum en liðinu hefur gengið illa að undanförunu. „Fyrir leikinn talaði ég við mína menn og kom þeim í gírinn með því að minnast á lýsendurna á Rúv í leik Keflavíkur og Snæfells. Þeir voru alveg búnir að afskrifa þennan leik og töluðu bara um leik KR og Njarðvíkur,” sagði Gunnar.

„Ég var mjög vongóður í þriðja leikhluta. Við höfum lagað varnarleikinn frá síðustu leikjum rosalega. Svo var slæmt að Hreggviður [Magnússon] meiddist strax á fyrstu sekúndu og gat ekki spilað. En menn stóðu sig rosalega vel. Við vissum að þetta yrði erfitt enda erfiður völlur að heimsækja,” sagði Gunnar.

„Það hafa verið miklar breytingar hjá mínu liði, bæði í leikmanna- og þjálfaramálum. Ég er mjög stoltur af frammistöðu manna í kvöld. Þeir sýndu hvernig ÍR á að spila varnarleik.“

elvargeir@frettabladid.is

Íslandsmeistarar Hauka unnu 25-24 sigur á nágrönnum sínum í FH í æsispennandi Hafnarfjarðarslag í gær:

Björgvin Þór tryggði Haukum sigurinn

HANDBOLTI Björgvin Þór Hólmgeirsson tryggði Haukum 25-24 sigur á FH í æsispennandi Hafnarfjarðarslag í Kaplakrika í gærkvöldi. FH var lengstum með forustuna en Íslandsmeistararnir voru eins og áður í vetur með sterkari taugar í lokin.

Slagurinn um Hafnarfjörð fór fram í gær fyrir fullu húsi í Kaplakrika. Liðin voru samstiga nánast allan leikinn en heimamenn í FH leiddu þó leikinn mestmegnis af leiknum. Hauka-liðið komst fyrst yfir eftir fjörutíu mínútna leik og svo fylgdust liðin að allt fram á lokastundu. Pálmar Pétursson var frábær í markinu hjá FH-ingum og varði tuttugu og tvö skot. Lítið gekk upp hjá félaga hans FH-ingnum og landsliðsmanninum Ólafi Guðmundssyni í gær en hann lét lítið fyrir sér fara og skoraði aðeins fjögur mörk úr ellefu skotum.

„Frábær leikur og tvö jöfn lið en því miður dettur þetta þeim megin enn og aftur. Það var enginn munur á liðunum. Liðið hjá



ÞJÁLFARINN SÁTTUR Aron Kristjánsson, þjálfari Hauka, fagnar hér sigrinum á FH í gærkvöldi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

okkur lítur vel út og við erum að bæta okkur og eigum eftir að bæta okkur meira. Ég er auðvitað hundfúll að hafa tapað en samt sem áður ánægður með margt í okkar leik,” sagði Einar Helgi Einarsson, þjálfari FH, svektur í leikslok.

Björgvin Þór Hólmgeirsson var allt í öllu hjá Hauka-liðinu og átti góðan leik og var markahæstur í liði Hauka með níu mörk. Hann dró lið sitt áfram og lét vaða óhræddur á markið. Leikur liðsins varð svo betri eftir

því sem leið á leikinn og vörnin góð hjá gestunum. Það var svo Björgvin Þór Hólmgeirsson sem tryggði Haukum sigurinn á loka-sekúndu leiksins með glæsilegu skoti.

„Björgvin var betri en enginn í dag. Hann var frábær og skoraði mörg mikilvæg mörk,” sagði Aron Kristjánsson, þjálfari Hauka, eftir leikinn.

„Þetta var hörkuleikur, við gerðum reyndar mörg mistök og vorum lengi í gang og sóknarlega að klikka alltof mikið. Ég var ánægður að við sýndum styrk og héldum einu marki í hálfleik. Í seinni hálfleik fannst mér við svo hafa frumkvæðið og stóðum vel varnarlega,” sagði Aron Kristjánsson brosmildur.

Áhorfendur fengu skemmtun fyrir peninginn eins og alltaf þegar þessi lið mætast. Þessar viðureignir eru ávallt sérstakar og hápunktur vetrarins í Hafnarfirði og það varð engin breyting þar á í gær.

- rog

N1-DEILD KARLA

11. umferð

HH-Haukar	24-25 (13-12)							
Mörk FH (skot): Ásbjörn Friðriksson 5 (10), Bjarni Fritzón 4 (4), Ólafur Guðmundsson 4 (11), Örn Ingi Bjarkason 3 (5), Sigursteinn Arndal 2 (3), Bjarki Sigurðsson 2 (3), Jón Heiðar Gunnarsson 2 (4), Ólafur Gústafsson 2 (4).								
Varin skot: Pálmar Pétursson 22.								
Mörk Hauka (skot): Björgvin Hólmgeirsson 9 (18), Pétur Pálsson 3 (4), Freyr Brynjarsson 3 (8), Einar Örn Jónsson 2 (2), Gunnar Berg Víktorsson 2/1 (2/1), Elías Már Halldórsson 2 (4), Þóroddur Rafn Guðmundsson 1 (2), Guðmundur Árni Ólafsson 1 (2), Þóroddur Rafn 1 (2), Sigurbjörgur Sveinsson 1 (2).								
Varin skot: Birkir Ívar Guðmundsson 10, Aron Rafn Eðvarðsson 6.								
Akureyri-Gróttur	33-19 (17-10)							
Mörk Akureyrar (skot): Oddur Grétarsson 9/3 (12), Árni Þór Sigtryggsson 8 (13), Heimir Örn Árnason 4 (6), Hörður F. Sigþórsson 3 (5), Hreinn Þór Hauksson 2 (2), Jónatan Magnússon 2/1 (7/2), Andri Snær Stefánsson 1 (1), Bjarni Jónásson 1 (2), Guðlaugur Amarsson 1 (2), Geir Guðmundsson 1 (3), Guðmundur Helgas. 1 (3).								
Varin skot: Hörður Flóki Ólafsson 18 (37) 49%.								
Hraðaupphlaup: 13 (Heimir 3, Árni 3, Hreinn 2, Oddur 2, Bjarni, Guðlaugur, Hörður).								
Fiskuð viti: 4 (Jónatan 2, Heimir, Hörður).								
Uttan allar: 10 mín.								
Mörk Grótta (skot): Anton Rúnarsson 8/3 (17), Hjalti Pálmarsson 5 (9), Davíð Gíslason 2 (6), Egir Hrafn Jónsson 1 (1), Davíð Hlóðversson 1 (1), Jón Karl Björnsson 1 (2), Atli Rúnar Steinþórsson 1 (2).								
Varin skot: Gísli Rúnar Guðmundsson 13 (27) 48%, Magnús Sigmundsson 7 (24) 29%.								
Hraðaupphlaup: 3 (Davíð H, Anton, Egir).								
Fiskuð viti: 3 (Atli 2). Uttan allar: 6 mín.								
Dómarar: Brynjar Einarsson og Vilberg Sverrisson. Ágættir.								
HK-Fram	28-27 (12-10)							
Mörk HK: Bjarki Már Gunnarsson 6, Sverrir Hermannsson 5, Ragnar Hjáltested 4. Hákon Bríde 3, Valdimar Fannar Þórsson 3, Atli Einar Ingólfsson 2, Halldór Stefán Haraldsson 2. Vilhelm Gauti Bergsveinsson 2, Björn Þórsson Björnsson 1.								
Mörk Fram: Andri Berg Haraldsson 6, Einar Rafn Eiddsson 6, Halldór Jóhann Sigfússon 4, Guðjón Dreggsson 3, Daniel Berg Grétarsson 3, Haraldur Þorvarðarson 2, Hákon Stefánsson 2, Egir Einarsson 1.								
Valur-Stjarnan	24-19 (14-9)							
Markahæstir: Arnór Þór Gunnarsson 7, Sigurður Eggertsson 4, Orri Freyr Gíslason 4 - Ragnar Helgason 5, Vilhjálmur Halldórsson 4, Eyþór Magnússon 3, Björn Friðriksson 3.								
STAÐAN Í DEILDINN								
Haukar	11	8	2	1 277-253 18				
Valur	11	7	1	3 274-255 15				
HH	11	6	1	4 307-288 13				
FK	10	6	1	3 262-247 13				
Akureyri	11	6	1	4 278-267 13				
Grótta	11	4	0	7 274-297 8				
Stjarnan	10	2	0	8 225-255 4				
Fram	11	1	0	10 279-314 2				



FAGNAÐ MEÐ FJÖLSKYLDUNNI Drew Brees og dóttir hans. MYND/AFF

New Orleans Saints meistari:
**Með alla þjóð-
ina að baki sér**

AMÉRÍSKI FÓTBOLTINN New Orleans Saints varð meistari í ameríska fótboltanum í fyrsta sinn eftir 31-17 sigur á Indianapolis Colts í Super Bowl. Ofurskálaleiknum, í Miami í fyrrinótt. Colts komst í 10-0 en það dugði ekki til og Peyton Manning, leikstjórnandi Colts, kastaði boltanum frá sér á úrslitastundu í lokin.

Drew Brees, leikstjórnandi Saints, stóð sig frábærlega í uppgjöri tveggja stórkostlegra leikstjórnaenda en hann kláraði 32 sendingar og jafnaði þar með met Tom Brady. Sigurinn er stór stund fyrir New Orleans aðeins fimm árum eftir að fellibylurinn Katrina lagði borgina í rúst.

„Við trúðum á okkur sjálfa. Við vissum að við vorum með heila borg og kannski heila þjóð að baki okkur. Það var alveg eins og þetta væri í örlogunum að við myndum vinna“, sagði Drew Brees eftir leikinn.

- 601

„Lélegasti leikur sem ég hef séð á ferlinum,“ segir Jón Karl Björnsson hjá Gróttu.

Algjörir yfirburðir Akureyrar

HANDBOLLI Akureyri rótburstaði arfaslaka Gróttumenn á heima-
velli í gær 33-19. Sigurinn var síst-
of stór en Akureyringar sýndu úr-
hverju þeir eru gerðir eftir skell
gegn FH í síðustu umferð.

Sókn Gróttu lenti strax í vand-
ræðum. Framliggjandi vörn Akur-
eyrar virtist koma liðinu á óvart
en þó skal ekkert tekið af vörn-
inni sem var frábær. Gróttu skor-
aði ekki einn en eftir átta og hálfan
mínútu, eina markið sitt fyrstu tíu
mínúturnar.

Gestirnir fóru svo að finna gluf-
ur á vörninni og minnkuðu minni-
ni eitt mark áður en Akureyringar
gáfu í. Með hröðum leik gegn

svifaseinum Gróttumönnum komust þeir í gott forskot þar sem Árni Þór Sigtrygsson fór fremstur í flokki með sjö mörk í fyrri hálfleik. Staðan 17-10 í hálfleik.

Akureyringar komst tíu mörkum yfir eftir sjö mínútur í seinni hálfleik og leikurinn búinn. Þeir héldu áfram að bæta við, komust mest fimmtán mörkum yfir, á meðan Gróttá gafst upp. Gestirnir voru sorglega lélegir og höfðu áhuga á verkefninu.

„Þetta er það lélegasta sem ég hef séð frá Gróttu. Ég veit ekkert um hvað veldur. Ég er ósáttur með allan leikinn og tek ekkert jákvaðt út úr þessu. Þetta er



LÉTT HJÁ AKUREYRI Heimir Örn Árnason og félagar rifu sig upp eftir FH-leikinn á dögnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ÁRANGUR

HREYFING

HLEÐSLA

EGILL GILLZ
EINARSSON
ÍÐRÓTTAFRÆÐINGUR

HLEÐSLA ÍÐRÓTTADRYKKUR

100%
HÁGÆÐA
MYSUPRÓTEIN

HLEÐSLA ER ÍÐRÓTTADRYKKUR SEM INNIHELDUR PRÓTEIN OG KOLVETNI TIL HLEÐSLU. HENTAR VEL FLJÓTLEGA EFTIR ÆFINGAR EÐA MILLI MÁLA.

PRÓTEIN Í **HLEÐSLU** ERU EINGÖNGU HÁGÆÐA MYSUPRÓTEIN SEM UNNIN ERU ÚR ÍSLENSKRI MJÓLK.

MYSUPRÓTEIN ERU TALIN HENTA SÉRSTAKLEGA VEL TIL VÖÐVAUPPBÝGGINGAR OG ERU AUK ÞESS GÆDD ÖÐRUM MIKILVÆGUM EIGINLEIKUM.

ÁN HVÍTS SYKURS
ÁN SÆTUEFNA
MEÐ AGAVESAFA

ÍSLENSKA SÍMIS MSA 48730 0210

> Jon Stewart

„Við höfum öll skoðanir. Fólk sem heldur að það hafi engar skoðanir veigrar sér samt ekki við að eyða tíma í að rífast yfir því hver sé skemmtilegastur í Friends. Það er að hafa skoðanir.“

Stewart stjórnar spjallþættinum *Daily Show: Global Edition* sem Stöð 2 sýnir í kvöld kl. 22.45.

dagskrá



VIÐ TÆKIÐ SVAVAR HÁVARÐSSON SAGA BANDARÍKJANNA

Skák og frelsisstríð Bandaríkjanna



„Bjór er sönnun þess að Guð elskar oss og óskar okkur hamingju,“ eru ekki fleygustu orð Benjámins Franklin, eins þekktasta Bandaríkjamanns sögunnar. Það skiptir kannski heldur engu að hann skrifaði eina fyrstu skákbókina á enska tungu sem þekkt er og var tekinn inn í frægðarhöll skáklistarinnar árið 1999, rúmum tvö hundruð árum eftir dauða sinn. Hann var líka uppfinningamaður og sendi einhverju sinni flugdreka inn í þrumuský til að sanna að kraftarnir sem leystust þar úr læðingi væri rafmagn. Hlaut hann heimsfrægð fyrir. Það væri kannski skynsamlegra að segja frá því að Franklin skrifaði undir öll grundvallarskjölin við stofnun Bandaríkjanna; sjálfstæðisfirlýsinguna, Parísarsamninginn og stjórnarskrána. Hann stofnaði fyrsta almenningsbókasafn Bandaríkjanna, fyrsta sjúkrahúsið, fyrsta sjálfbóðaliðaslökkvilið, Háskólann í Pennsylvaníu og fjölmargar aðrar stofnanir og félög. Allt eru þetta hlutir sem maður rifjar upp þegar virkilega gott

sjónvarpsefni rekur á fjörunar. Nú er til sýningar sjónvarpsmyndin John Adams á Stöð 2 og fjallar um Adams, annan forseta Bandaríkjanna, og fyrstu 50 árin í sögu Bandaríkjanna. Adams er jafnan eignað að hafa sameinað Bandaríkin og fjalla þættirnir ekki síst um samband hans við aðra sem komu að því verki. Er þar um stórbrotna sögu að ræða en myndin er byggð á samnefndri metsölubók Davids McCullough.

Hér ætti að vera eitthvað fyrir alla. Pólitísk umbrotasaga, stórkostlegar persónulýsingar, stríð með allri sinni eymd, farsóttir með vessandi sárum og svo auðvitað ást. Viða er komið við og er í engu sparað að bregða upp mynd af lífinu í nýlendum Ameríku jafnt sem við hirð Lúðvíks konungs í París. Allt er þetta ríkulega kryddað með smáatriðum eins og skákáhuga Franklins og hégóma, sem og baráttunni á milli gjálfis frönsku hirðarinnar sem gekk illa í afkomendur hreintrúarmannanna sem flúðu til Nýja heimsins.

PRÍÐJUDAGUR



► 18.30 Seinfeld STÖÐ 2 EXTRA



► 19.35 Man. City – Bolton, beint STÖÐ 2 SPORT 2



► 20.10 Accidentally on Purpose SKJÁREINN



► 21.00 Alfreð Eliasson og Loftleiðaævintýrið SJÓNVARPIÐ



► 21.45 Hung STÖÐ 2

SJÓNVARPIÐ

- 15.35 Útsvar (e)
- 16.35 Leiðarljós
- 17.20 Táknmálsfréttir
- 17.30 Frumskógar Goggi (17:26)
- 17.52 Arthúr (140:145)
- 18.15 Skellibær (19:26)
- 18.25 Meistaradeildin í hestaíþróttum 2010
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veðurfréttir
- 19.35 Kastljós
- 20.15 Læknaíðstöðin (Private Practice) Bandarísk þáttaröð um líf og starf lækna í Santa Monica í Kaliforníu. Meðal leikenda eru Kate Walsh, Taye Diggs, KaDee Strickland, Hector Elizondo, Tim Daly og Paul Adelstein.
- 21.00 Alfreð Eliasson og Loftleiðaævintýrið (3:3) Heimildarmynd í þremur hlutum um Alfreð Eliasson og Loftleiðir eftir Sigurgeir Orra Sigurgeirsson.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurfréttir
- 22.25 Síðasti óvinurinn (The Last Enemy) (2:5) Bresk sakamálasýrpa í fimm þáttum. Vísindamaðurinn Stephen Ezard snýr heim til Bretlands eftir að Michael bróðir hans deyr. Ekkja Michaels skýlir ólöglegum innflytjanda og Stephen sagast inn í dularfulla og háskalega atburðarás. Aðalhlutverk: Benedict Cumberbatch, Anamaria Marinca, Max Beesley og Robert Carlyle.
- 23.25 Kastljós (e)
- 00.00 Dagskrárlok

BÍÓ

- 08.00 Good Night, and Good Luck
- 10.00 Blades of Glory
- 12.00 TMNT
- 14.00 Good Night, and Good Luck
- 16.00 Blades of Glory
- 18.00 TMNT
- 20.00 Rocky Balboa Hnefaleikakappinn Rocky Balboa er sestur í helgan stein þegar ríkjandi heimsmeistari skorar á hann að mæta honum í hnefaleikátölvuleik.
- 22.00 City of Fear
- 00.00 Into the Wild
- 02.25 Hellraiser: Inferno
- 04.05 City of Fear
- 06.00 School for Scoundrels

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2 Áfram Diego, áfram!, Stóra teiknimyndastundin og Bratz.
- 08.15 Oprah
- 08.55 Í finu formi
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.30 The Doctors
- 10.20 In Treatment (8:43)
- 10.55 Ghost Whisperer (62:62)
- 11.45 Cold Case (11:23)
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 Worst Week (15:16)
- 13.25 Music and Lyrics
- 15.05 Sjáðu
- 15.30 Barnatími Stöðvar 2 Ofurörðin, Ben 10, Stóra teiknimyndastundin og Áfram Diego, áfram!
- 17.08 Bold and the Beautiful
- 17.33 Nágrannar
- 17.58 The Simpsons (20:21)
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.11 Veður
- 19.20 Two and a Half Men (18:24)
- 19.45 How I Met Your Mother (6:22)
- 20.10 Modern Family (2:24)
- 20.35 The Big Bang Theory (22:23)
- 21.00 Bones (1:22)
- 21.45 Hung (6:10) Gamansamur þáttur með dramatísku ívafi frá HBO. Ray Drexler, skólaliðsþjálfari á fimmtugsaldri, reynir fyrir sér á nýjum vettvangi þar sem hann selur einmana konum blíðu sína.
- 22.15 Entourage (3:12) Medallin-bíómyndin sem átti að skjóta Vince aftur upp í hæstu hæðir stjórnuhímsins floppaði og fékk skelfilega dóma. Eric og Ari reyna nú að finna betra verkefni fyrir þessa föllnu stjórn.
- 22.45 Daily Show: Global Edition Spjallþáttur með Jon Stewart þar sem engum er hlíft.
- 23.10 Fringe (9:23)
- 23.55 Tell Me You Love Me (4:10)
- 00.45 Submerged
- 02.20 Music and Lyrics
- 04.00 Bones (1:22)
- 04.45 Modern Family (2:24)
- 05.10 The Big Bang Theory (21:23)
- 05.35 Fréttir og Ísland í dag

SPORT besta sætið

- 07.00 KR - Njarðvík Útsending frá leik í Iceland Express-deildinni í körfubolta.
- 16.50 KR - Njarðvík Útsending frá leik í Iceland Express-deildinni í körfubolta.
- 18.30 Veitt með vinum: Grænland Farið verður á framandi slóðir að þessu sinni og Grænland heimsótt og skoðað hvernig er að veiða hjá þessari nágrannapjóð.
- 19.00 Omega Dubai Desert Classic Sýnt frá Evrópumótaröðinni í golfi.
- 22.00 Northern Trust Open Skyggst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi. Arið sem fram undan er skoðað gaumgæfilega og komandi mót krufin til mergjar.
- 22.55 UFC 109 Sýnt frá UFC 109 þar sem voru samakomnir flestir af bestu bardagama-mönnum heims.

SPORT 2 enski boltinn

- 14.50 Coca Cola mörkin Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilprifin á einum stað.
- 15.20 Burnley - West Ham Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
- 17.00 Liverpool - Everton Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
- 18.40 Premier League Review Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni og allt það helsta úr leikjunum skoðað gaumgæfilega.
- 19.35 Man. City - Bolton Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni. Sport 3, Portsmouth - Sunderland Sport 4, Wigan - Stoke Sport 5, Fulham - Burnley
- 21.40 Portsmouth - Sunderland Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
- 23.20 Fulham - Burnley Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Dr. Phil (e)
- 08.45 Pepsi MAX tónlist
- 16.20 7th Heaven (17:22)
- 17.05 Dr. Phil
- 17.50 Fyndnar fjölskyldumyndir (e)
- 18.20 High School Reunion (6:8)
- 19.05 What I Like About You (10:18) Bandarísk gamanseria um tvær ólíkar systur í New York.
- 19.30 Fréttir
- 19.45 King of Queens (5:25) (e)
- 20.10 Accidentally on Purpose (3:18) Bandarísk gamanþáttaröð um konu á besta aldri sem verður ólétt eftir einnar nætur kynni með ungum fola.
- 20.35 Innlit/ útlit (3:10) Hönnunar- og lífstílsþáttur þar sem Katrín Fjeldsted kemur víða við. Hún heimsækir skemmtilegt fólk og skoðar áhugaverða hönnun.
- 21.05 Top Design (9:10) Bandarísk raunveruleikaséria þar sem efnilegir innanhússhönnuðir keppa til sigurs. Í hverjum þætti þurfa þau að sýna og sanna færni sína og sköpunargáfu með hugmyndarikri hönnun og frumleika.
- 21.55 The Good Wife (5:23) Alicia vinnur fyrir ekkjur þriggja lestarstjómenda sem kennt er um lestarslys og vinnuveitundur þeirra neita að borga þeim bætur. Hún hefur 72 klukkustundir til að sanna að lestarfyrirtækið beri sjálfst ábyrgðina.
- 22.45 The Jay Leno Show
- 23.30 CSI. New York (22:25) (e)
- 00.20 Fréttir (e)
- 00.35 The Good Wife (5:23)
- 01.25 King of Queens (5:25) (e)
- 01.50 Pepsi MAX tónlist

INN

- 20.00 Hrafnaping Þjóðnýtingarárform vinstri stjórnar á aflaheimildum í brenni-depli.
- 21.00 Borgarlíf Marta Guðjóns ræðir við Sigríði Snævarr og Maríu Björk Óskarsdóttur.
- 21.30 Mannamál Sigmundur Emir Rúnarsson og forystumenn Samfylkingar í brenni-depli.
- Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Yfirburðir Fréttablaðsins aldrei meiri!

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og nýjasta könnun Capacent Gallup sýnir ótvírætt.

93% Auglýsing í Fréttablaðinu nær til yfir 93% lesenda blaðanna

Skörun blaðalesturs að meðaltali á dag, mán. til lau., höfuðborgarsvæðið 18-49 ára. Heimild: Blaðakannanir Capacent nóv. 2009 til jan. 2010.

66,3%


Lesn bara Fréttablaðið

6,8%

Lesn bara Morgunblaðið

26,9%

Lesn bæði Fréttablaðið og Morgunblaðið



Allt sem þú þarft...

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.10

Modern Family

Modern Family segir frá lífi þriggja ólíkra en dæmigerðra nútímafjölskyldna og hinum blákalda hversdagsleika sem þær þurfa að glíma við, umbera og að sjálfsögðu njóta þegar svo ber við. Um er að ræða eldri mann sem er búinn að yngja upp og ná sér í blóðheita suður-ameríska snót og snælduvítlausa krakkagrislinga hennar, hina dæmigerðu vísitölufjölskyldu sem alltaf reynir að vera fullkomin en er samt svo grátlega langt frá því og síðast en ekki síst íhaldssamt hommapar sem er nýbúið að ættleiða barn frá Víetnam. Leiðir þessara fjölskyldna liggja saman og í hverjum þætti lenda þær í hreint drepfýndum aðstæðum.



► VIÐ MÆLUM MED

Bones – NÝTT

Stöð 2 kl. 21.00

Stöð 2 byrjar í kvöld að sýna fimmtu seríuna af þessum vinsæla spennuþætti. Dr. Temperance „Bones“ Brenn-an réttarmeinafræðingur og Seeley Booth rannsóknarlögreglumaður ná vel saman þegar þau rannsaka flókin morðmál en spennan á milli þeirra hefur verið að magnast allt frá upphafi þáttanna og spurning hvort þau muni nokkurn tímann ná saman sem par.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunútlvarp hefst

06.50 Bæn

07.03 Vött og breitt

07.30 Fréttayfirlit

08.00 Morgunfréttir

08.05 Morgunstund með KK

08.30 Fréttayfirlit

09.05 Okkar á milli

09.45 Morgunleikfimi

10.13 Söngfuglar

11.03 Samfélagið í nærmynd

12.00 Fréttayfirlit

12.02 Hádegisútlvarp

12.20 Hádegisfréttir

12.50 Dánarfregnir og auglýsingar

13.00 Flakk

14.03 Breiðstræti

15.03 Útlvarpssagan: Vetur í Vínðheimum

15.25 Þriðjudagsdjass

16.00 Síðdegisfréttir

16.05 Viðsjá

18.00 Kvöldfréttir

18.16 Spegillinn

18.53 Dánarfregnir

19.00 Endurómur úr Evrópu

20.00 Leynifélagið

20.30 Í heyranda hljóði

21.20 Trío

22.10 Lestur Passíusálma

22.20 Fimm fjórðu

23.10 Sumar raddir

00.05 Næzturtónar

FM 88,5 XA-Radíó

FM 90,9 Gullbylgjan

FM 91,9 Kaninn

FM 93,5 Rás 1

FM 95,7 FM957

FM 96,3

FM 96,7

FM 97,7

FM 98,9

FM 99,4

FM Suðurland

Létt Bylgjan

X-ið

Bylgjan

Útlvarp Saga

FM 90,1 Rás 2

FM 102,2 Útlvarp Latibær

FM 102,9 Lindin

FM 105,5 Útlvarp Boðun

EXTRA

17.00 The Doctors

Spjallþættir framleiddir af Oprah Winfrey þar sem fjórir læknar á ólíkum sviðum veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um heilsufarsmál.

17.45 Ally McBeal

(16:23) John og Richard gera heiðarlega tilraun til að taka sér smáfrí, skella sér til hinnar sólriku borgar Los Angeles og skilja Ally eftir við stjórnmölinn. Eins og vanalega reynist þeim félögum ekki auðvelt að slaka á og taka sér frí frá vinnu.

► 18.30 Seinfeld

(22:22) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk því hann er bæði smámunasamur og sérvitur.

19.00 The Doctors

19.45 Ally McBeal

(16:23)

20.30 Seinfeld

(22:22)

21.00 Fréttir Stöðvar 2

21.25 Ísland í dag

21.50 It's Always Sunny In Philadelphia

(9:15) Gamanþáttaröð um fjóra vini sem reka saman bar en eru ó sjálfum-glaðir til að geta unnið saman án þess að til árekstra komi, upp á hvern einasta dag.

22.15 American Idol

(7:43) Niúnda þáttaröð þessa vinsæla skemmtiþáttar. Eins og kunnugt er þá er Paula Abdul horfin af braut en í hennar stað kemur Ellen DeGeneres sem mun aðstoða Simon Cowell, Randy Jackson og Kóru DioGuardi.

23.00 American Idol

(8:43)

23.50 K-Ville

(11:11)

00.35 Sjáðu

01.05 Fréttir Stöðvar 2

01.55 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBC entertainment

12.00 Lab Rats

12.30 After You've Gone

13.00 Gavin And Stacey

13.30 Doctor Who

14.15 Doctor Who

15.00 The Green Green Grass

15.30 The Inspector Lynley Mysteries

16.20 Hotel Babylon

17.15 EastEnders

17.45 The Weakest Link

18.30 Gavin And Stacey

19.00 The Green Green Grass

19.30 Hustle

20.20 Jonathan Creek

21.20 The Green Green Grass

21.50 Only Fools and Horses

22.20 Lab Rats

22.50 After You've Gone

23.20 Gavin And Stacey

23.50 Jonathan Creek

DR 1

12.00 Aftenshowet 2. del

12.30 Seinfeld

12.50 Rygepauser

13.00 Med livet i hænderne

13.30 Ønskehaven

14.00 DR Update - nyheder og vejr

14.10 Boogie Mix

15.05 Family Guy

15.30 Svampebob Firkant

15.55 Chiro

16.05 Ni-Hao Kai Lan

16.30 Lille Nord

17.00 Aftenshowet

17.30 TV Avisen med Sport

18.00 Aftenshowet med Vejret

18.30 Ha' det godt

19.00 Kender du typen

19.30 Undercover chef - danske diakonplejehjem

20.00 TV Avisen

20.25 Kontant

20.50 SportNyt

21.00 Wallander

22.30 Det Nye Talkshow - med Anders Lund, Madsen

23.10 Dodens detektiver

23.30 Boogie Mix

NRK1

12.10 Urix

12.30 Filmavisen 1959

12.40 Med hjartet på rette staden

13.30 Norsk for nybegynnere

14.00 NRK nyheter

14.10 Dynastiet

15.00 Derrick

16.00 NRK nyheter

16.10 Herskapelige gjensyn

16.40 Oddasat - nyheter på samisk

16.55 Nyheter på tegnspråk

17.00 Forkveld

17.40 Distriktsnyheter

18.00 Dagsrevyen

18.45 Ut i naturen

19.15 Bygdely

19.45 Extra-trekning

19.55 Distriktsnyheter

20.00 Dagsrevyen

21

20.30 Det nye landet

21.25 Bokprogrammet

22.00 Kveldsnytt

22.15 Tootsie

SVT 1

12.25 Den första kretsen

13.20 Flicka utan namn

15.00 Rapport

15.05 Gomorron Sverige

15.55 Med huvudduk och höga klackar

16.25 Bullar av stål

16.55 Sportnytt

17.00 Rapport med A-ekonomi

17.10 Regionala nyheter

17.15 Go'kväll

18.00 Kulturnyheterna

18.15 Regionala nyheter

18.30 Rapport med A-ekonomi

19.00 Mästarnas mästare

20.00 Teatersupén

20.30 Joy Division

22.10 East is East

23.45 Hovsjö brinner

Fyrningarleið í sjávarútvegi?

Morgunverðarfundur á Grand Hótel fimmtudaginn 11. febrúar kl. 8:00-9:30

Úttekt Deloitte sýnir að verði aflaheimildir teknar af sjávarútvegsfyrirtækjunum á 20 árum leiðir það til gjaldþrots þeirra. Boðuð fyrningarleið stjórnvalda elur á óvissu og ógnar atvinnu og afkomu starfsfólks í sjávarútvegi, svo og þeirra þúsunda annarra sem byggja afkomu sína á þjónustu við atvinnugreinina.

Dagskrá:



Sjávarútvegsfyrirtækin lifa fyrningarleiðina ekki af

Þorvarður Gunnarsson, endurskoðandi og framkvæmdastjóri Deloitte



Áhrif fyrningarleiðar á sjávarútvegsfyrirtækin

Jón Eðvald Friðriksson, framkvæmdastjóri FISK Seafood hf,. Sauðárkróki



Fyrningarleið – Þjóðhagsleg áhrif

Ragnar Árnason, prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands

Fundarstjóri er Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins

Landssamband íslenskra útvegsmanna



MORGUNMATURINN



„Þessa dagana er það ferskur safi úr safavélinni sem ég er með í pössun. Hann er úr appelsínu, gulrótum, epli og engifer. Ef ég væri ógeðslega rík væri það morgunverðarhlaðborð á hverjum degi með ferskum ávöxtum, heitu croissant og alls konar ostum. Annars er það bara hafragrautur og þessi safi.“

Aðalbjörg Árnadóttir leikkona.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT
2. vera með, 6. fæddi, 8. meðal, 9. lærir, 11. tveir eins, 12. orðrómur, 14. fet, 16. tveir eins, 17. knæpa, 18. tímabils, 20. klaki, 21. afturendi.

LÓÐRÉTT
1. blöðru, 3. bor, 4. ölvun, 5. kraftur, 7. lúberja, 10. stykki, 13. struns, 15. aflast, 16. lögg, 19. vörumerki.

LAUSN
LÓÐRÉTT: 1. blönu, 3. al, 4. fyllir, 5. fæti, 6. tær, 19. ss.
LÁRÉTT: 2. hafa, 6. öl, 8. lyf, 9. les, 11. líl, 12. umtál, 14. skref, 16. ítt, 17. kvá, 18. árs, 20. ís, 21. rass.

VEISTU SVARID?

Svör við spurningum á síðu 8.

- Um 130 þúsund manns.
- Á Hilton hótél Nordica við Suðurlandsbraut í Reykjavík.
- Á Akureyri.

Gefðu vatn



Hjálparstarf kirkjunnar

www.help.is

Smáauglýsingar Fréttablaðsins eru einnig á visir.is



visir.is

FRÉTTABLAÐIÐ

„...ég sá það á vísi“

Latibær berst við offitu í Ameríku

Magnús Scheving og félagar hjá Latabæ hafa samið við eitt stærsta fræðsluleikhús í heimi, NTC eða National Theater for Children. Leikhúsið er í Minn-eapolis í Bandaríkjunum, hefur verið starfrækt í næstum þrjátíu ár og hefur gott orð á sér fyrir starf sitt með börnum.

Að sögn Jordans Jedeikin, framkvæmdastjóra Latabæjar í Bandaríkjunum og Kanada, voru það forsvarsmenn leikhússins sem óskuðu eftir samstarfi við Latabæ. „Þetta verður í fyrsta skipti sem leikhúsið leitar í smíðju sjónvarps því hingað til hafa þetta verið frumsamin verk,“ segir Jedeikin en vörumerkið Latibær hefur verið

notað til að kynna grænmeti og ávexti í bandarískum skólum.

Leikhúsið mun ferðast til þeirra ríkja Bandaríkjanna þar sem offita barna er mest en þar má meðal annars nefna Alabama, Arkansas, Georgia, Illinois, Kentucky, Louisiana og Mississippi. Settir verða upp 25 mínútna leikþættir upp úr þáttunum um lífið í Latabæ. Jordan segir líklegt að í kringum 750 þúsund manns, bæði kennarar, foreldrar og nemendur, muni sjá sýninguna á þessu ári en gert er ráð fyrir því að sýningarferðin hefjist á þessu hausti.

Fleira er í smíðum hjá Latabæ í Ameríku því forsvarsmenn American Fruit and Vegetable

Processors and Growers Coalition, eða samtök ávaxta- og grænmetisframleiðenda í Ameríku, hafa farið þess á leit að Latibær hjálpi til við að auka neyslu grænmetis og ávaxta í Suður-Ameríku. „Þetta er mjög valdamikill hópur og því mjög gott fyrir okkur að komast í samstarf með þeim,“ segir Jordan.

- fgg

Á FLAKK UM AMERÍKU Magnús Scheving og félagar hjá Latabæ hafa samið við eitt stærsta fræðsluleikhús í heimi, NTC.



STEFÁN BENEDIKTSSON: SELFOSS KEMUR EKKI TIL GREINA

Drykkjuskapur og ólæti stoppa árshátíð á Selfossi

„Árshátíðir síðustu tveggja ára hafa verið algjör hryllingur. Drykkjuskapurinn og ólætin voru yfirtengileg,“ segir Stefán Benediktsson, aðstoðarskólameistari Fjölbautaskólans í Breiðholti, um árshátíðir skólans sem haldnar voru á Selfossi.

Nemendur FB mótmæltu í gær ákvörðun skólayfirvalda að leyfa nemendafélaginu ekki að halda árshátíð úti á landi. Hefð hefur skapast fyrir því að árshátíð skólans sé haldin á Selfossi, en í bréfi sem Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir skólameistari sendi nemendum á föstudag kemur fram að skólayfirvöld geti ekki ábyrgst skemmtanahald „... tengt gistingu hluta nemendahópsins á hóteli og fjarri heimahúsum þar sem foreldrar geta ekki sinnt eftirlits-skyldu sinni með fullnægjandi hætti“.

Aðstoðarskólameistari segir ekki koma til greina að leyfa nemendafélaginu að halda árshátíð utan Reykjavíkur. Hann segir skólayfirvöld hafa boðist til að hjálpa til við að halda árshátíðina í Reykjavík og vilji í raun allt fyrir nemendurna gera, en reynslan sýni að þeim sé ekki treystandi til að fara út úr bænum yfir nótt í nafni skólans.

Erla María J. Tölgyes, formaður nemendafélags FB, segir árshátíðina á Selfossi vera hefð sem nemendur séu ekki tilbúnir að sleppa auðveldlega. „Það er mikill hiti í fólki og við erum ekki sátt,“ segir hún. „Á þessum árshátíðum og böllum yfirhöfuð er alltaf eitt-hvað vesen; ölvun og slagsmál. Það hefur ekki verið meira hjá okkur en hjá öðrum.“

Málið snérist í annan hring þegar Gettu betur-lið FB sendi



NEMENDUR MÓTMÆLA Nemendur FB mótmæltu í gær, en skólayfirvöld haggast ekki; árshátíðin verður ekki á Selfossi.

skólameistara bréf þar sem kom fram að liðið myndi íhuga að draga sig úr keppni ef málinu lyki ekki á farsælan hátt á næstunni. Brynjar Birgisson, annar þjálfara liðsins, hafði ekki fengið viðbrögð við bréfinu þegar Fréttablaðið náði í hann í gær. Lið FB er komið í átta liða úrslit í fyrsta skipti í tólf ár og Brynjar segir árangurinn vega þungt fyrir skólann. „Skólayfirvöld hljóta að fara yfir málið aftur,“ segir hann.

Kaldhæðni örlaganna hagaði

því svo þannig að lið FB á að mæta liði Fjölbautaskóla Suðurlands frá Selfossi í átta liða úrslitum laugardaginn 27. febrúar. Ólafur Yngvi Ólason úr liði FSu segir að það yrði leiðinlegt að missa FB úr keppni. „Við viljum að sjálfsögðu keppa, til þess erum við í þessu,“ segir hann, en liðið var á æfingu þegar Fréttablaðið hafði samband. „Við erum að æfa núna þannig að við reiknum með að keppa við þá.“

atlifannar@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Fréttablaðið sagði á dögunum frá áformum framleiðandans Kristófers Dignus um að gera sjónvarpsþátt upp úr hugmyndum og hugverki **Egils Gillzenegger**, en mannasíðabók hans rokseldist fyrir jól. Hugmyndavinna að þáttunum er langt komin og samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa tilboð í sýningarréttinn borist frá Skjá einum og Stöð 2. Egill liggur nú undir feldi og íhugar tilboðin en ljóst er að hann verður hluti af haustdagskránni á annarri sjónvarpsstöðinni ...

Ög meira úr sjónvarpsbransanum. Grínistinn **Steindi Jr.** nýtti krafta Netsins til að auglýsa eftir tíu til fimmtán sjálfbóðaliðum í atriði sem fór fram á English Pub á sunnudag. Þrátt fyrir skamm-an fyrirvara fékk Steindi fjölmarga sjálfbóðaliða sem vildu ólmir leggja grínistanum lið. Þá voru vegfarendur á Austurstræti afar áhugasamir um hvað væri á seyði og voru duglegir við að stinga höfðinu inn fyrir dyr pöbbsins ...

Ög enn þá meira úr sjónvarpsbransanum. Til stóð að framleiða sjálfstætt framhald af þáttunum Atvinnumennirnir okkar, en í þeim heimsótti Auðunn Blöndal meðal annars Ólaf Stefánsson, **Loga Geirsson** og Eið Smára Guðjohnsen. Nýja þáttaröðin átti að fjalla um aðra Íslendinga sem eru að gera það gott erlendis og heyrðust til dæmis nöfn Anitu Briem og Emilíönu Torriini í því samhengi. Hætt hefur verið við framleiðslu þáttanna í bili og er þar kreppunni um að kenna.

- afb



Mínus í hljóðver á ný

„Þetta verður mjög ævintýrleg plata og ekkert líkt því sem við höfum áður gert,“ segir söngvarinn Krummi Björgvinsson.

Krummi og félagar í hljómsveitinni Mínus eru á leiðinni í hljóðver á ný í mars, en tæp þrjú ár eru liðin frá útgáfu síðustu plötu hljómsveitarinnar, The Great Northern Whale Kill. Platan verður unnin ásamt hinum ástralska Ben Frost og féлага hans, Daniel Rejmer.

„Þetta verður rokkplata, en ekki hefðbundin rokkplata eins og við gerðum síðast eða þar á undan,“ segir Krummi. „Við ætlum að spreyta okkur mikið á músíkinni í þetta skipti – fara óhefðbundnar leiðir.“

Mínus hefur ekki látið mikið fyrir sér fara undanfarin misseri, en fyrir ári hittust meðlimir hljómsveitarinnar og byrjuðu að leggja drög að nýju efni. Krummi segir að svo hafi þeir ákveðið að taka pásu og sinna öðrum verkefnum, en Bjarni gítarleikari og Bjóssi trommari hafa mikið dvalið erlendis undanfarið. „Við erum með nýtt efni en ætlum að hittast í enda febrúar og fara á fullt við að semja,“ segir Krummi. „En við ætlum ekki að fara of undirbúnir í stúdíóið til þess að sjá hvort einhverjir töfrar verði til. Við verðum samt búnir að slípa okkur vel til.“



NÝ PLATA Í SMÍÐUM Mínus sendi síðast frá sér plötu árið 2007, en hyggst taka upp ævintýrlega plötu í mars.

MYND/MACKYPHOTO.CO.UK

KJARNAFÆÐI



Sérvalda saltkjötið frá Kjarnafæði

Sannkallaður veislumatur

Yfirmatreiðslumaður Radisson Blu Hótel Saga, meðlimur í kokkalandslíðinu.

Bjarni Gunnar Kristinsson

Ég mæli eindregið með því

Yfirmatreiðslumeistari Lava Bláa Lónið.

Aðalsteinn Friðriksson

Ef það á að velja saltkjöt, þá mæli ég með því

Yfirmatreiðslumaður Nauthóli, meðlimur í kokkalandslíðinu.

Eyþór Rúnarsson

Einfalt og ljúffengt

Yfirmatreiðslumeistari Toyota mótuneyti.

Þorvarður Óskarsson

SÉRVALIÐ SALTKJÖT FRÁ KJARNAFÆÐI SÉRVALIÐ FYRIR ÞIG



DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR AF FÓLK

Gestkvæmt hjá Framsókn

Það vakti athygli vegfarenda á Hverfisgötu í gær þegar **Geir H. Haarde**, fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokksins, sást ganga inn í höfuðstöðvar Framsóknarflokksins ásamt Ingu Jónu Þórðardóttur, eiginkonu sinni. Pólitísk sinnaskipti voru þó ekki í loftinu, því þangað lögðu þau hjón leið sína, líkt og fjölmargir aðrir, til að skrifa í minningarbók sem þar liggur frammi um Steingrím Hermannsson, fyrrverandi forsætisráðherra. Útför Steingríms verður gerð frá Dómkirkjunni klukkan 14 í dag.

½-vítorg

Fram hefur komið í fréttum að **Pétur Guðmundsson**, stjórnarformaður Eyktar og Höfðatorgs, sé á móti því að breyta nafni Höfðatúns í Katrínartún líkt og skipulagsráð Reykjavíkur hefur lagt til. Júlíus Vífill Ingvarsson, formaður skipulagsráðs, hefur sagt koma til greina að skipta götunni í tvennt. Sjómenn henda gaman að öllu og vilja breyta nafni Höfðatorgs vegna þess að það skyggi á ljós innsiglingarvita Reykjavíkurhafnar á Stýrimannaskólanum. Þeir segjast ýmist kalla húsið hálfvitann (skrifa það ½-vitann) eða vanvitann vegna þessa. Kannski hafa þeir nokkuð til síns máls.

Gísli og Gyllenhaal

Gísli Erni Garðarssyni brá stuttlega fyrir í auglýsingu kvikmyndarinnar Prince Of Persia: Sand of Time sem sýnd var á besta tíma í auglýsingahléi Ofurskálarinnar en það er úrslitaleikurinn í ruðningsdeild Bandaríkjanna, NFL. Leikurinn er einn allra stærsti sjónvarpsviðburðurinn í Bandaríkjunum og fékk Gísli meira að segja að fara með eina setningu í auglýsingunni en stórleikarar á borð við **Ben Kingsley** og Alfred Molina sáust ekki. - fgg



Mest lesið	visir.is
1	Enn leitað að Sunnubúðarræningjanum
2	Fannst meðvitundarlaus
3	Brotist inn í 23 bíla Orkuveitunnar
4	87 þúsund árásir með björglögum árlega
5	Leiðindaskjóða fékk á kjaftinn

73,8%

23,7%

MORGUNBLAÐIÐ FRÉTTABLAÐIÐ

Fréttablaðið er með 212% meiri lestur en Morgunblaðið.

Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18 – 49 ára.
Könnun Capacent í nóvember 2009 – janúar 2010.

VIÐ STYÐJUM ÍSLENSKT AFREKSFÓLK Á ÓLYMPÍULEIKUNUM

ÞAU FLUGU TIL SEATTLE MEÐ ICELANDAIR

Árni Þorvaldsson, Björgvin Björgvinsson, Íris Guðmundsdóttir og Stefán Jón Sigurgeirsson keppa í alpagreinum á vetrarólympíuleikunum sem hefjast í Vancouver á föstudag, 12. febrúar. Þau flugu í gær með Icelandair til Seattle en þaðan er örstutt að ferðast til Vancouver.

Við hjá Icelandair erum stolt af að styðja íslenskt afreksfólk til dáða og óskum skiðaköppunum góðs gengis í hörkubaráttu á heimsmælikvarða.

ÁFRAM ÍSLAND!

WWW.ICELANDAIR.IS